

Raforkutap á ári nemur afli Svartsengis

Flutningskerfið tapar árlega sem nemur afli Svartsengis. Framkvæmdastjóri þróunar og tæknisviðs Landsnets segir mikilvægt að hugsa um raforkutap eins og matarsóun. Verðmæti sem fari til spillis.

ORKUMÁL Á síðasta ári töpuð-ust um 400 gígavattstundir við flutning orku frá virkjunum til almenningsveitna og stórnotenda. Er þetta aukning um 6,7 prósent frá árinu áður. Sverrir Jan Norðfjörð, formaður raforkuhóps orkusparnefndar og framkvæmdastjóri þróunar- og tæknisviðs Landsnets, segir það áhyggjuefni að flutningstap aukist ár frá ári.

„Það er áhugavert að sjá að flutningstap sé að aukast. Vita-skuld munum við alltaf horfa upp á einhver flutningstöp í kerfinu, hjá því verður ekki komist,“ segir Sverrir Jan. „Hins vegar er flutningstap núna jafn mikið og aflið úr Svartsengi svo þetta eru nokkuð stórar tölur.“

Svartsengisvirkjun er jarð-varmavirkjun sem framleiðir bæði hita og rafmagn. Hún framleiðir um 75 megavött af raforku árlega.

Ástæður þess að við töpum svo mikilli orku að mati Sverris er að flutningskerfið er ekki nægilega í stakk búð til að takast á við þessa flutninga. Flutningi á orku í gegnum raflínur svipar til flutnings á fólki og vörum eftir þjóðvegum landsins. Sé flutningskerfið ekki nægilega gott er hætt við því að við missum verðmæti.

„Við höfum verið að auka framleiðsluna jafnt og þétt síðustu ár en höfum ekki staðið okkur nægilega vel að byggja upp flutningskerfið,“ segir Sverrir Jan og bætir við að á tímum umræðu um sóun verðmæta sé mikilvægt að horfa einnig til flutningstaps í raforku-kerfinu. „Mikið hefur verið rætt um matarsóun og annað í þeim dúr þar sem keppst er við að nýta

Við höfum verið að auka framleiðsluna jafnt og þétt síðustu ár en höfum ekki staðið okkur nægilega vel í að byggja upp flutningskerfið.

Sverrir Jan Norðfjörð, framkvæmdastjóri þróunar- og tæknisviðs Landsnets



matvæli og vekja fólk til umhugsunar um þau verðmæti sem fara til spillis. Því þurfum við kannski að fara að horfa til raforkunnar einnig.“

Í fyrra nam framleiðsla raforku tæpum 20 þúsund gígavattstundum og jókst um 3,1 prósent frá fyrra ári. Til samanburðar er aukningin jafn mikil og öll notkun raforku á Suðurlandi.

Notkun stórnotenda jókst um 2,6 prósent frá fyrra ári og almenn notkun jókst um 4,4 prósent. Því jókst flutningstap hlutfallslega meira á síðasta ári en notkunin.

Raforkuframleiðsla og notkun hefur breyst gríðarlega á öldinni. Á síðasta áratug hefur raforkuvinnsla aukist um 3.360 gígavattstundir sem jafngildir 80 prósentum af notkun allra heimila og almenns atvinnulífs. Að sama skapi er áætlað að notkun raforku aukist jafnt og þétt til ársins 2050. sveinn@frettabladid.is

Skoða að rifta um 550 milljóna greiðslu til Arion

VIÐSKIPTI Yfirdráttarlán sem WOW air var með hjá Arion að fjárhæð 550 milljónir var gert upp í fyrra og þess í stað eignaðist bankinn skuldabréf að sömu fjárhæð á flugfélagið.

Samkvæmt heimildum skoða skiptastjórar þrotabúsins hvort til-efni sé til að rifta þeirri ráðstöfun en Arion banki og WOW air gerðu með sér samkomulag um að umræddir fjármunir sem bankinn fjárfesti fyrir í skuldabréfaútboði WOW færu í að greiða upp yfirdráttarlánið. Bankinn lagði félaginu því ekki til neitt nýtt fjármagn heldur var um að ræða skuldbreytingu á kröfum.

Verulegar óánægju gætir á meðal margra fjárfesta sem lögðu WOW air til fjármuni í útboðinu enda hefðu þeir að líkindum ekki gert það ef fyrir hefði legið að stærstur

50

milljónir evra var sú fjárhæð sem safnaðist í útboði WOW.

hluti fjárhæðarinnar sem þar safnaðist hafi aðeins verið umbreyting á kröfum í skuldabréf.

Vilja skuldabréfaeigendur láta reyna á ábyrgðartryggingar stjórnenda WOW air, vegna mögulegrar persónulegrar skaðabótaskyldu sem þeir kunni að hafa bakað sér, á grundvelli þess að þeir hafi ekki fengið fullnægjandi upplýsingar í skuldabréfaútboðinu.

– hae / sjá Markaðinn



Tala látinna í hryðjuverkaárásunum á Sri Lanka fer hækkandi. Nú er talið að 320 hið minnsta hafi farist í ódæðunum. Þjóðarsorg ríkir í eyrikinu. Margir báru ástvinu sína til hinstu hvílu í gær. Sjá síðu 10. NORDICPHOTOS/GETTY

NYMALAD KAFFI FRÁ TE & KAFFI

149 KR./BOLLINN

Iceland

KRÓNAN

Opið á morgun
sumardaginn fyrsta

sjá nánar á kronan.is

Fermingarskraut!

Finndu okkur á

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Veður



Austan og suðaustan 5-13 í dag með vætu af og til, en þurrt á NA- og A-landi. Hiti 8 til 16 stig, hlýjast NA-lands. **SJÁ SÍÐU 20**

Taka höndum saman



Samstarf Íslands, Danmerkur og Noregs á sviði lyfjamála var staðfest í gær með undirritun samkomulags um samvinnu þjóðanna sem stuðla á að lægra lyfjaverði, auknu framboði lyfja og auðveldari innleiðingu nýrra lyfja. Á myndinni eru Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra, Eva Egesborg Hansen, sendiherra Dana, og Carina Ekornes, fulltrúi heilbrigðisráðherra Noregs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Skilorð fyrir brot gegn stúlku

DÓMSMÁL Karlaður sem særði blygðunarsemi ungrar stúlku árið 2017 var dæmdur í tveggja ára skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Maðurinn sendi stúlkunni ljósmynd af fólki í kynferðislegum athöfnum og klæmdist við hana í farsíma.

Lögmaður stúlkunnar krafðist miskabóta upp á eina milljón króna, en þar sem sérfræðigögn lágu ekki fyrir um afleiðingar brotsins var honum gert að greiða stúlkunni 200 þúsund krónur, ásamt hálfri milljón í þóknun lögmanna.

Maðurinn neitaði sök við þingfestingu málsins en játaði svo við þinghald í gær. Það hann stúlkuna afsökunar á háttsemi sinni. Mat héraðsdómur það til refsíþyngingar að brotið hefði verið mjög gróft og maðurinn haft einbeittan brotavilja. - ab



Berklar smitast manna á milli í gegnum andrúmsloftið. NORDICPHOTOS/GETTY

Mikil leit eftir berklasmit

SMITSJÚKDÓMAR Sóttvarnalæknir hefur staðið fyrir umfangsmikilli leit að einstaklingum sem komust í tæri við einstakling sem greindist með lungnaberkla í febrúar á þessu ári. Samkvæmt upplýsingum frá sóttvarnalækni hafa yfir 300 manns verið rannsakadir en lokandiurstaða þessara rannsókna liggur ekki fyrir.

Talið er að einstaklingurinn, sem smitaðist fyrr á árinu og er íslenskur

ríkisborgari, hafi smitast á ferðalagi í Þróunarlandi. Í Farsóttarfréttum sóttvarnalæknis segir að berklar hafi verið sjaldgæfir hér á landi undanfarin ár. Árið 2018 greindust átta tilfelli berkla, öll hjá einstaklingum sem eru af erlendri bergi brotnir.

Berklar eru alvarlegur smitsjúkdómur sem berst oftast með úða sem verður til við hósta og hnerra þeirra sem eru með berklabakteriur í hráka. - khn


Leikar hefjast í dag hjá Rafíþróttasambandinu

Eftirspurn frá foreldrum og íþróttafélögum hefur komið Rafíþróttasambandinu í opna skjöldu. Í gær bættist KR í hóp liða. Formaður Rafíþróttasamtakanna á von á að sveitarfélög um allt land muni styrkja stofnun deildarinnar.

ÍÞRÓTTIR Aðkoma sveitarfélaga að rafíþróttum mun efla starfið til muna segir Ólafur Hrafn Steinarsson, formaður Rafíþróttasamtaka Íslands. Bæði Hafnarfjörður og Reykjavík hafa samþykkt tillögur um að styðja við rafíþróttadeildir innan íþróttafélaga. Í gær stofnaði KR lið. Þar keppa fjögur lið í Counter Strike og fjögur lið í League of Legends á miðvikudögum, fimmtudögum og sunnudögum næstu níu vikurnar. Hægt verður að fylgjast með öllum leikjum í beinni á netinu.

„Það eru þó nokkur íþróttafélög að skoða hvernig hægt er að koma á laggirnar rafíþróttastarfi. Hjá Fylki er nú þegar búið að stofna formlega rafíþróttadeild, nú hefur KR bæst í hóp þeirra sex, sjö liða, ótengdra íþróttafélögum, sem eru fyrir í Lenovo-deildinni,“ segir Ólafur Hrafn. FH, Fjölnir og Víkingur eru einnig að skoða möguleikann á að setja á laggirnar deildir og skrifuðu undir stuðningsyfirlýsingu við tillöguna í borgarstjórn. „Eftirspurnin frá samfélaginu, íþróttafélögum, foreldrum og félagsmiðstöðvum, hefur komið okkur í opna skjöldu.“

Fræðsluráð Hafnarfjarðar samþykkti fyrr í þessum mánuði að vísa tillögu um rafíþróttir til frekari útfærslu. Í byrjun mánaðarins var samþykkt tillaga í borgarstjórn Reykjavíkur um að styðja íþróttafélögin í Reykjavík við að koma á fót rafíþróttadeildum innan félaganna, einnig að hægt verði að nota frístundakortid við iðkun rafíþróttar. Meðal þess sem vonast er til er að börn sem spila tölvuleiki mæti til æfinga og hitti aðra krakka í stað þess að loka sig af heima hjá sér. Þau myndu æfa sig í að verða betri



Átta lið keppa í Lenovo-deildinni sem hefst í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Eftirspurnin frá samfélaginu, íþróttafélögum, foreldrum og félagsmiðstöðvum, hefur komið okkur í opna skjöldu.

Ólafur Hrafn Steinarsson, formaður Rafíþróttasamtaka Íslands



spilarar undir handleiðslu þjálfara og þannig myndu þau örvasst félagslega, bæta sig í leiknum og eignast vini með svipuð áhugamál.

„Ég býst við að útspil borgarinnar hafi stór áhrif. Þetta hjálpar félögum sem hafa áhuga á að bjóða upp á rafíþróttir, þessu fylgir uppbygging á ákveðinni aðstöðu, ekki síst þekkingu á hvernig hægt er að nota tölvuleikjamiðilinn til að framkalla sömu niðurstöður og í hefðbundnum

íþróttum,“ segir Ólafur Hrafn. „Þetta er strax farið að skila sér inn í afreks-senuna á Íslandi. Við erum að sjá virkilega flotta einstaklinga sem eru loksins að fá stuðning og utanumhald til að ná lengra.“ Nefnir hann að þó svo að búnaðurinn sé nokkuð dýr þá sé það talsvert ódýrara en að byggja keppnisvelli.

Það er áhugi á að byggja upp rafíþróttastarf á landsbyggðinni en sú vinna er skemmra á veg komin en samtökin vilja. Hugmyndir eru uppi um slíkt starf á Egilsstöðum, Höfn í Hornafirði og í Borgarnesi. „Við búumst fastlega við því að fleiri bæjarfélög, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni, muni leggja okkur lið,“ segir Ólafur Hrafn. „Það væri frábært að geta haft keppni á milli höfuðborgarinnar og landsbyggðarinnar í gegnum tölvu. Svo má ekki gleyma því að margir af okkar bestu spílurum, jafnvel á heimsvísu, eru á landsbyggðinni.“

arib@frettabladid.is

Grillbúðin

Frá Þýskalandi
LANDMANN
Your World of 1952



Sendum frítt með Flytjanda
Nánari upplýsingar á
www.grillbudin.is

• Afí 10,5 KW

- 3 brennarar
- Brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulinsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- Hitajöfnunarkerfi
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Kveikja í öllum tökkum
- Tvöfalt einangrað lok
- Stór posulínshúðuð efri grind
- Hitamælir
- Auðveld þríf - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
- Grillflötur 65 x 44 cm

FULLT VERÐ 79.900

SUMARDAGSTILBOÐ

63.900

afsláttur
20%

Opið
sumardaginn
fyrsta 11-16

Sumardagstilboði
lýkur 27. apríl

Smíðjuvegi 2, Kópavogi - www.grillbudin.is - Sími 554 0400

32" BREYTTUR DISCOVERY G4

LÚXUSJEPPI Á HÆRRA PLANI



ABOVE & BEYOND

landrover.is



*20" felgur er staðalbúnaður á HSE útgáfu. – Bili á mynd er Land Rover Discovery HSE.

ENEMM / SIA / N99507

SUMIR DAGAR ERU SKEMMTILEGRI EN AÐRIR

Nú er Land Rover Discovery HSE fáanlegur í nýrri G4 útfærslu með sérstakri 32" breytingu: 20" felgur*, 32" jeppadekk, jeppabreyting, stigbretti og aurlífar. Með þessari útfærslu fær Land Rover Discovery enn meiri veghæð og vaðhæðin verður sú mesta í þessum flokki lúxusjeppa. Ekki má gleyma hinu einstaka Terrain Response® drifkerfi og loftpúðafjöðruninni sem gerir aksturseiginleikana einstaka.

DISCOVERY S 240, DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR. Verð frá: 10.990.000 kr.

DISCOVERY HSE 240, DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR. Verð frá: 13.690.000 kr.

G4 JEPPABREYTING: DISCOVERY HSE Á 20" FELGUM: Verð 590.000 kr.

Komdu og sjáðu Discovery í G4 útfærslu í sýningarsal okkar á Hesthálsi.

LAND ROVER

HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK

SÍMI: 525 6500

Þjóðþrifamál að stofna lággjaldaflugfélag

VIÐSKIPTI „Við erum á fullu að sjá hvort það sé grundvöllur fyrir því að setja á laggirnar lággjaldaflugfélag.“ segir Hreiðar Hermannsson, hótélstjóri Stracta Hotels. „Það er mikil vinna að finna út úr öllum hlutum, hvort það sé hægt eða ekki, en þetta lítur tiltölulega vel út.“

Með honum er hópur af fyrrverandi starfsfólki WOW air, en þó ekki Skúli Mogensen. Markmiðið sé ekki að endurreisa WOW air heldur sé hann að nota þá krafta og þekkingu sem sé til staðar eftir fall WOW. „Þetta er allt fólk með mikla reynslu. Við erum að skanna


markaðinn og fara yfir rauntölur.“

Búið er að útbúa leiðaáætlun fyrir tvær flugvélur sem myndu fljúga til Lundúna og Kaupmannahafnar á daginn en Tenerife og Alicante á nóttunni. Síðan sé möguleiki á að bæta við flugvélum og þá hugsanlega fljúga til Bandaríkjanna. Öll þjónusta verði svo með einfaldasta móti með sem minnstum aukahlutum. Ekki er búið að finna nafn á flugfélagið.

Fjármögnunin liggur ekki fyrir. „Ég er ekki með neina hluthafanúna,“ segir Hreiðar. Þegar allt sé klárt muni hann svo leita til

fagfjárfesta og til aðila sem hafa hagsmuni af því að starfrækja lággjaldaflugfélag. „Ferðamennskan er ein stærsta atvinnugreinin okkar, verðin mega ekki vera of há því þá hætta fólk að koma hingað. Þetta er þjóðþrifamál, það fór illa í mig hvernig staðið var að falli WOW air af hálfu stjórnvalda og ég vil með einhverjum hætti koma þessu af stað aftur.“

Aðspurður hvort það sé möguleiki að fljúga strax í sumar segir Hreiðar að til þess þurfi allt að ganga upp. „Það getur verið. Sjaldnast gengur allt upp.“ – ab



Hreiðar Hermannsson, hótélstjóri Stracta Hotels, vinnur nú að því að koma nýju lággjaldaflugfélagi á laggirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON

Fyrsta bóluefnið gegn malaríu

MALAVÍ Fyrstu stóru prófanirnar á bóluefni við malaríu hófust í Malaví í gær. BBC greindi frá prófununum í gær og sagði bóluefnið til þess hugsað að vernda börn að hluta gegn hinum skæða sjúkdómi. Áður hafa smærri prófanir leitt í ljós að bóluefnið hefur náð að vernda um fjöru tíu prósent þeirra fimm til sautján mánaða gömlu barna, sem bóluset voru, gegn malaríu.

„Þetta markar kaflaskil í ónæmismeðferðum, baráttunni gegn malaríu og fyrir lýðheilsu,“ sagði Kate O'Brien, bóluefnastjóri Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO), um prófanirnar.

Stefnt er að því að bólusetja 120.000 börn undir tveggja ára aldri við malaríu í Malaví. Þá er einnig stefnt á að

hefja sams konar prófanir í Gana og Keníu á næstu vikum.

– þea

Hefur áhyggjur af hótunum um verðhækkunir ÍSAM

Framkvæmdastjóri Bónuss segir lágverðsverslunina viðkvæma fyrir tilkynningum um verðhækkunir eins og þá sem forstjóri ÍSAM sendi frá sér á dögunum. Fyrirtækið muni spyrna við fótum og skoða allar leiðir til að mýkja höggið. ÍSAM boðar 3,9 prósent verðhækkun verði kjarasamningar samþykktir.

NEYTENDUR „Við eigum eftir að sjá þetta gerast. En það er enginn samnefni fyrir því að þessu sé bara velt út í verðlagið. Við munum spyrna við fótum eins og við mögulega getum,“ segir Guðmundur Marteinson, framkvæmdastjóri Bónuss, um boðaðar verðhækkunir ÍSAM verði kjarasamningar samþykktir. Guðmundur segir að Bónus sé viðkvæmt fyrir hækkunum líkt og þeim sem þar eru boðaðar sökum lágrar álagningar. En á endanum sé það neytenda að velja og hafna með innkaupum sínum.

Líkt og Fréttablaðið hefur greint frá boðar heildsölu- og framleiðslufyrirtæki ÍSAM, sem á Mylluna, Ora, Kexverksmiðjuna Frón og Kexsmiðjuna 3,9 prósent hækkun á öllum vörum fyrirtækjanna verði kjarasamningar samþykktir. Þessu til viðbótar að verð á allri innfluttri vöru muni hækka um 1,9 prósent. Forysta verkalyðshreyfingarinnar hefur keppt við að fordæma þessa tilkynningu ÍSAM og segir hana fordæmalaus meðan kosningar um samningana standi enn yfir. Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, hefur meðal annars lýst þeim sem ógæðfelldum. Drífa Snædal, forseti ASÍ, útilokar ekki að félagsmenn verði hvattir til að sniðganga fyrirtækin og hefur boðað að verðlagseftirlit ASÍ verði eftir.

„Málið snýst um það að fyrirtæki eins og Bónus, sem leggur lítið á, er viðkvæmt fyrir svona



Framkvæmdastjóri Bónuss hefur áhyggjur af yfirlýsingum ÍSAM um verðhækkunir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Auðvitað munum við skoða aðrar leiðir. Hvaða vörur er hægt að bjóða upp á sambærilegar sem munu ekki hækka og eru á góðu verði.

Guðmundur Marteinson, framkvæmdastjóri Bónuss



hækkunartilkynningum. Þess vegna hefur maður áhyggjur af þessu,“ segir Guðmundur aðspurður um málið.

Aðspurður hvort komi til greina að Bónus fari að selja eitthvað annað í staðinn fyrir vörur ÍSAM, segir hann neytendur hafa valdið.

„Bónus er til fyrir neytendur og það eru neytendur sem ráða vöruúrvalinu með kaupum sínum. Þeir greiða atkvæði með buddunni. En auðvitað munum við skoða aðrar leiðir. Hvaða

vörur er hægt að bjóða upp á, sambærilegar sem munu ekki hækka og eru á góðu verði. Það skiptir okkur máli að spyrna við fótum og skoða hvað sé hægt að gera til að spara kostnað. Er hægt að stækka pantanir? Er hægt að gera hlutina eitthvað öðruvísi en í dag? Þetta snýst allt um það. Hvernig er hægt að einfalda ferlið og þá reyna að panta meira inn og mýkja þessar hækkunir sem hafa verið boðaðar.“

mikael@frettabladid.is

Fylgjast með veikum hrossum

DÝRASJÚKDÓMAR Matvælastofnun fylgist nú náið með veikindum í hrossum sem komið hafa upp á höfuðborgarsvæðinu, á Sudurlandi og á Vesturlandi. Einkenni veikindanna minna á hitasótt annars vegar og smitandi hósta hins vegar.

Í tilkynningu frá stofnuninni segir að flest bendi til að smitefni sem urðu landlæg hér á landi í kjölfar faraldra árin 1998 og 2010 séu að minna á sig.

Hestarnir verða alla jafna ekki alvarlega veikir en fylgjast þarf með þeim og kalla til dýralækni ef líkamshiti mælist hærra en 38,5 gráður. – khn

Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flísum

Flisabúðin
Stórhöfða 21 | s. 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

Listeríusmit dró konu til dauða

HEILBRIGÐISMÁL Fjörutíu og átta ára gömul kona lést á Íslandi í janúar eftir að hafa borðað reyktan og grafinn lax um jólin. Hún smitaðist af listeríu og var með undirliggjandi ónæmisbælingu. Þetta kemur fram í Farsóttarfréttum embættis landlæknis.

Fram kemur að leifarnar af laxinum hafi verið geymdar í frýsti á heimilinu og að tekist hafi að rækta bakteríurnar úr honum. Ræktanir sem teknar voru frá verksmiðju og vörum framleiðandans leiddu í ljós sömu bakteríu.

Ekki kemur fram hvaða fyrirtæki um ræðir en Ópal sjávarfang innkallaði allar reyktar afurðir sínar úr verslunum í febrúar vegna listeríu. Þá varaði Matvælastofnun við neyslu á vörum vegna listeríusmits.

Fram kemur í Farsóttarfréttum að allri framleiðslu hafi verið hætt



Listeríubakteríur ræktaðar í petriskál. NORDICPHOTOS/GETTY

og matvælin innkölluð. Reyktar afurðir frá framleiðandanum hafi áður verið fluttar til Frakklands en þar var dreifingaraðilum gert viðvart. Engar tilkynningar um smit af völdum bakteríunnar hafi borist til Íslands vegna neyslu á þessum vörum.

Í bréfinu segir að 2.502 tilfelli af listeríusýkingu innan ESB og EES hafi komið upp árið 2017. Fjórtnán

prósent þeirra sem smituðust létust. Það ár greindust sjö tilfelli á Íslandi. Fjórir þeirra létust, þar af þrjú eldri einstaklingar með undirliggjandi sjúkdóma. Eitt nýfætt barn var á meðal þeirra sem létust.

„Sýkingarnar voru taldar af innlendum toga í sex af þessum tilfellum. Svo virðist sem listeríusýkingar hafi verið að færast í vöxt hér á landi undanfarna tvo áratugi.“ – bg

OCTAVIA ER 60 ÁRA OG ÞÚ FÆRÐ PAKKA



ŠKODA



ŠKODA OCTAVIA – SEXTUG OG SJALDAN SPRÆKARI.

Það er ekki að ástæðulausu að Škoda Octavia hefur verið einn sá alvinsælasti hjá Íslensku þjóðinni í áratugi. Aksturseginnleikarnir, þægindin, rýmið og sparneytnin hafa einkennt Octaviuna allar götur frá því hún kom fyrst á markað. Nú bjóðum við þennan einstaka bíl með afmælisþakka; aukabúnaði sem gerir aksturinn enn skemmtilegri. Komdu og prófaðu, við hlökkum til að sjá þig!

Octavia G-Tec 
Combi / Sjálfskiptur
Verð frá **3.990.000 kr.**

Octavia
Limo / 1.6 TDI / Sjálfskiptur
Verð frá **4.090.000 kr.**




Afmælisþakki fylgir!*

- Climatronic miðstöð
- Hiti í stýri
- Hiti í framrúðu
- Fjarlægðart. hraðastillir
- Krómpakki

Að verðmæti
320.000 kr.

60
ŠKODA
OCTAVIA
60 ÁRA 1959-2019

 HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

www.skoda.is

Átök um fisk og kjöt á lokametrunum

Stór mál biða afgreiðslu þingsins en sex vikur eru til stefnu. Fullveldið sjálft er undir í umræðum um kjöt og orku. Trúarbrögð lita umræðu um þungunarrof. Mörg frumvörp varða starfsemi fjölmiðla og tjáningarfrelsi.

STJÓRN MÁL Mikið mun mæða á nefndum þingsins á síðustu vikum yfirstandandi þings. Einkum þó á atvinnuveganefnd þar sem mörg stór og umdeild mál eru til meðferðar. Mál þar nefna frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um að heimila innflutning á hráu kjöti, frumvarp um aflaheimildir í makríl, tvö frumvörp um fiskeldi og frumvarp sem ætlað er til að bregðast við vanda sauðfjábænda. Þá er enn ótalið stærsta málið; þriðji orkupakkinn sem er til umfjöllunar bæði í atvinnuveganefnd og utanríkismálanefnd.

Umdeild velferðarmál

Þingkonan **Halldóra Mogensen**

verður með tvær af rötgrónustu stofnunum samfélagsins í fanginu þetta vorið en hún er ekki aðeins formaður velferðarnefndar heldur einnig framsögumaður tveggja umdeilda mála heilbrigðisráðherra sem þar eru til meðferðar.



■ **Frumvarp um neyslurými** er gagnrýnt mjög í umsógn lög- og reglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, af lagatæknilegum ástæðum. Hefur ríkissaksóknari tekið undir þá gagnrýni. Búast má við töluverðri vinnu við frumvarpið á vettvangi velferðarnefndar, eigi það að verða að lögum í vor.

■ **Frumvarp um þungunarrof** hefur hins vegar kallað á mikla gagnrýni trúargeirans og er frumvarpið einnig umdeilt í mörgum flokkum. Málið snertir á síðferðilegum álitaefnum um lífið sjálft, hvenær það telst kviknað og hvenær réttindavernd þess hefst.

Listageirinn ær vegna sviðslista

■ Frumvarp menntamálaráðherra um sviðslistir kallaði fram hörð viðbrögð úr listageiranum þegar það var kynnt í samráðsgátt stjórnvalda.



Tvö frumvörp um fiskeldi

■ Fiskeldismálin hafa verið eitt af stóru pólitísku málum vetrarins. Tvö frumvörp eru til umfjöllunar í atvinnuveganefnd; annars vegar um heildarendurskoðun fiskeldis laga og hins vegar um gjaldtöku í greininni.

Kvótakerfið fest í sessi

■ „Það er verið að setja reglur um tiltölulega nýja auðlind og festa hana við gamalt kerfi og umdeilt kerfi. Það er hvorki verið að opna á tækifæri fyrir nýliðun né innheimta sanngjarnt auðlindagjald,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, um makrílfrumvarp sjávarútvegsráðherra.



Fjölmiðlar og tjáningarfrelsi

Mörg frumvörp tengd fjölmiðlum og tjáningarfrelsi eru til meðferðar í þinginu eða væntanleg til þings.

■ **Birting dóma** Fjölmiðlar hafa gagnrýnt fyrirhugaða þrengingu

Stór átakamál í grasrót Framsóknarflokksins

■ Frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um innflutning á hráu kjöti og eggjum gæti reynst Framsóknarflokki erfitt. Mikil óánægja er með frumvarpið í grasrót flokksins og þeir flokksmenn sem Fréttablaðið ræddi við í síðasta mánuði voru sammála um að frumvarpsdrögin gengju of langt, ótækt væri að leyfa innflutning á hráu, ófrosnu kjöti og að flokksforystan hlyti að koma í veg fyrir það. Þingmenn Miðflokksins og Flokks fólksins hafa talað mjög gegn frumvarpinu. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, sagði málið fullveldismál í fyrstu umræðu um málið á Alþingi. „Með þessu væri ekki aðeins verið að bæta við þá efnahagslegu ógn sem íslenskur land-



búnaður stendur frammi fyrir heldur væri verið að skapa nýja og mjög umtalsverða ógn við heilbrigði íslenskra manna og dýra,“ sagði Sigmundur í ræðustól og hvatti stjórnarflokkana til að standa á fyrri prinsippum flokka sinna í málinu.

■ Frumvarp, sem ætlað er að bregðast við vanda sauðfjábænda, gæti haft mótvegisgildi við ófrosna kjötið en Fréttablaðið hefur einnig greint frá lítilli trú flokksmanna í Framsókn á aðgerðaáætlun stjórnvalda vegna vanda sauðfjábænda.

■ Þriðji orkupakkinn er undir sömu sök seldur og ófrosna kjötið. Í öndverðu mjög umdeilt mál í stjórnarflokkunum og ekki síst í Framsókn. Miðflokki og Flokkur fólksins eru þó einu flokkarnir sem standa fast gegn samþykkt.

á myndatökum í dómsölum og áhyggjum lýst af breyttu fyrirkomulagi á birtingu dóma. Frumvarp sem fjallar um þessi atriði er til meðferðar í allsherjar- og menntamálanefnd.

■ **Hatusorðræða** Annað mjög umdeilt frumvarp um hatursorðræðu biður einnig meðferðar hjá nefndinni en markmið þess er að orða tiltekinn alvarleika ummæla til að þau teljist hatursorðræða. Er með frumvarpinu brugðist við gagnrýni á hatursorðræðuákvæði hegningarlaga sem leggur til dæmis bann við því að hafa megi uppi móðgandi ummæli um trúarbrögð fólks. Frumvarpið hefur verið harðlega gagnrýnt, einkum á þeim grundvelli að um tilslökun gagnvart útlendingaandúð sé að ræða.

■ **Þagnarskylda** Enn eitt tjáningarfrelsisfrumvarpið lýtur að einföldun á ákvæðum um þagnarskyldu opinberra starfsmanna en flókin umgjörð um þau þykir hafa staðið því fyrir þrífum að opinberir starfsmenn geti

Nokkur stór efnahagsmál

Tvö stór stefnumarkandi mál biða afgreiðslu þingsins á sviði efnahagsmála. Auk þeirra er ljóst að gera þarf breytingar á fjármálaáætlun sem er til meðferðar í fjárlaganefnd.

■ **Þjóðarsjóður** Flestir sem veitt hafa umsógn um fyrirhugaðan þjóðarsjóð sem ætlað er að mæta óvæntum áföllum ríkissjóðs, hafa verið gagnrýnir á málið, ýmist á hugmyndina í heild sinni eða útfærslu frumvarpsins. Meðal gagnrýnenda eru ASÍ, Viðskiptaráð, Fjármálaeftirlitið, Frosti Sigurjónsson og fleiri. Í umsógnum er meðal annars bent á að óheppilegt sé að sama aðila verði falið að annast vörslu sjóðsins, eignastýringu og annan rekstur. Brugðist hefur verið við gagnrýninni í minnisblaði fjármálaáætluneytisins til þingsins.

■ **Samruni Fjármálaeftirlits og Seðlabanka** Áform um sameiningu Fjármálaeftirlitsins hafa hlotið töluverða gagnrýni, meðal annars frá bankaráði Seðlabankans sem telur að ekki fari vel á því að sömu einstaklingar beri ábyrgð á rannsóknum og eftirliti annars vegar og hins vegar um leið þeirri kjarnastarfsemi Seðlabankans að móta peningastefnu og vera til ráðgjafar um stjórn efnahagsmála landsins. Undir þessa gagnrýni hefur Már Guðmundsson tekið að nokkru leyti og einnig umboðsmaður Alþingis. Í öðru frumvarpi forsætisráðherra er lagt til að seðlabankastjórnarverði fjórir og stýri hver um sig aðgreindum deildum Seðlabankans. Með því fyrirkomulagi verði ólík hlutverk stofnunarinnar frekar aðgreind.

Fjármálaáætlun

Útlit er fyrir umfangsmiklar breytingar á fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna brostinna forsendna um hagvöxt, aflabrests, samdráttar í ferðaþjónustu, falls WOW air, kjarasamninga o.fl. adalheidur@frettabladid.is



AÐALFUNDUR Pristavina



Aðalfundur DC 3 Pristavinafélagsins verður haldinn fimmtudaginn 9. maí 2019 kl. 17:30 í sal Flugvirkjafélags Íslands í Borgartúni 22 í Reykjavík.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf skv. samþykktum félagsins, m.a. lögð fram skýrsla formanns, endurskoðaðir reikningar, stjórnarkjör og fleira.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta.

Stjórnin.

Gledilegt sumar!



Razor A125
hlaupahjól

8.999 kr



Razor A5 Lux
hlaupahjól

17.999 kr



Heel Wheels

5.499 kr



Fötuset

verð frá 1.299 kr/stk



Bíll/grafa

1.299 kr/stk




Hoppubolti

1.999 kr/stk



Sippuband/snú-snúband

verð frá 999 kr/stk



Brenniboltar

569 kr/stk



Frisbídiskar og tennisspaðar

verð frá 599 kr/stk



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira
svona
alla daga



Hafliði Sævarsson, verkefnastjóri hjá Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/HÍ

Kínverjar með áhuga á norðurslóðum

UTANRÍKISMÁL Samskipti Íslands og Kína hafa aukist til muna á síðustu árum og vinna löndin að ýmsum samstarfsverkefnum bæði hér á landi og ytra. Þetta er meðal þess sem kemur fram í erindi Hafliða Sævarssonar, verkefnastjóri á skrifstofu alþjóðasamskipta Háskóla Íslands, á ráðstefnu Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands sem fer fram í Norræna húsinu á morgun frá kl. 9 til 18. Fjöldmörg erindi og pallborðsumræður fara fram á ráðstefnunni, þar á meðal erindi Hafliða um samskipti Íslands og Kína.

Hann segir Íslendinga njóta góðs af hátækniuppbyggingu í Kína samhliða einföldum framleiðsluvörum. Stóra atriðið er þó stór samstarfsverkefni milli þjóðanna. „Kínverjar hafa fjárfest í áhugaverðu fyrirtæki í Hafnarfirði sem framleiðir stevíujurt, þar hafa þeir komið inn með kínverskt hugvit, þeir eru líka að fjárfesta í erfðafræðirannsóknum.“ segir Hafliði. „Íslendingar hafa svo komið að uppbyggingu á hitaveitum í Kína.“ Þar að auki hafi Kínverjar áhuga á norðurslóðum, þá helst siglingaleiðum yfir norður-skautið. – ab

Gosdósir breyta um lögun

VIÐSKIPTI Coca-Cola ætlar að breyta um lögun á kókdósumum. Verða dósirnar hærri og mjórrí, en verða áfram 33 cl. Magnús Viðar Heimisson, vörumerkjastjóri hjá Coca-Cola á Íslandi, segir að nafnið á Coca-Cola Zero sykur verði héðan í frá Coca-Cola án sykurs. Innihaldið mun ekki breytast.

„Það hafa margir ruglast á nafninu Zero sykur og ekki áttað sig á að það sé enginn sykur í drykknum,“ segir Magnús Viðar. Hann segir þessa tegund af dósnum komna til að vera, Coca-Cola Light mun einnig fara í þessa tegund af dósnum og síðar Sprite og Fanta. Á hann von á því að Ölgerðin, sem framleiðir Pepsi hér á landi, muni einnig skipta yfir í svipaðar dósir. – ab



OR telur áhrif úrskurðar um ólögsmæti vatnsgjalds óveruleg

Samkvæmt úrskurði sveitarstjórnarráðuneytisins var vatnsgjald Orkuveitu Reykjavíkur árið 2016 ólögsmætt. OR segir fjárhagsleg áhrif óveruleg við fyrstu skoðun. Hildur Björnsdóttir, stjórnarmaður í Orkuveitu Reykjavíkur, segir gjaldskrár hafa verið haldið óþarflega háum til að greiða Reykjavíkurborg arð.

STJÓRN MÁL Álagning Orkuveitu Reykjavíkur á vatnsgjald árið 2016 var ólögsmætt. Fram kemur í úrskurði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins sem birtur var í gær að það sé með öllu óheimilt að ákveða herra gjald fyrir vatnsveitu en sem nemur meðalkostnaði af því að veita þjónustuna. Vatnsgjaldi sé aðeins ætlað að standa undir rekstri veitunnar.

Fram kemur í kæruið í Reykjavík að arðsemi OR af vatnsveitustarfsemi hafi verið 15 prósent árin 2009 og 2010, á sama tíma og meðal-arðsemi OR í heild á sama tíma hafi verið þrjú prósent. Samkvæmt útreikningum OR hafi arðsemi vatnsveitunnar umfram fjármagnskostnað verið um 2 prósent árið 2016. Er það mat ráðuneytisins að það sé óheimilt að taka arð af vatnsveitu og því er fallist á kröfu íbúans um að vatnsgjaldið sé ólögsmætt.

Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, er í frii og var ekki búinn að lesa úrskurðinn áður blaðið fór í prentun. Fram kemur í skriflegu svari frá OR að þar hafi itrekað verið óskað eftir leiðbeiningum frá ráðuneytinu um hvað leggja skuli til grundvallar við álagningu vatnsgjalds. Er bent á að vatnsgjald hafi verið lækkað um meira en 10 prósent bæði árið 2017 og 2018. „Þar sem gjaldskrár hafa verið lækkaðar í takti við batnandi afkomu vatnsveiturekstursins virðast fjárhagsleg áhrif úrskurðarins við fyrstu skoðun óveruleg. Þessi áhrif skýrast þegar samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur veitt leiðsögn um gjaldskrárnar,“ segir í svari OR.

Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og stjórnarmaður í OR, segir úrskurðinn ekki koma á óvart. „Ég hef ekki dregið dul á þá skoðun mína að óeðlilegt sé að reka veituþjónustu á einokunarmarkaði, í hagnaðarskyni. Eins og málið horfir við mér er gjaldskrár haldið óþarflega háum svo mögulegt sé að greiða Reykjavíkurborg arð. Rekstrarafgangur af veitustarfsemi er þannig nýttur í önnur óskyld verkefni á vegum borgarinnar. Það er auðvitað fátt annað en dulbúin skattheimta.“

Hefur hún fulla trú á því að OR taki á niðurstöðu úrskurðarins af ábyrgð og festu og telur ólíklegt að aðrar gjaldskrár hækki til að veita upp á móti tekjutapi. „Mér þykir eðlilegt að eigendur taki arðgreiðslustefnuna til endurskoðunar í kjölfar úrskurðarins. Ég bind vonir við að sú vinna veiti svigrúm til að lækka álögur á íbúa,“ segir Hildur. Ráðuneytið hefur ekki lagaheimild



Íbúi í Reykjavík kærði Orkuveitu Reykjavíkur til sveitarstjórnarráðuneytisins og hafði betur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Eins og málið horfir við mér er gjaldskrár haldið óþarflega háum svo mögulegt sé að greiða Reykjavíkurborg arð. Rekstrarafgangur af veitustarfsemi er þannig nýttur í önnur óskyld verkefni á vegum borgarinnar. Það er auðvitað fátt annað en dulbúin skattheimta.


Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og stjórnarmaður í OR



til að krefja OR um endurgreiðslu á ofgreiddu vatnsgjaldi og vísaði þeirri kröfu frá. Hildur segir erfitt að segja til um áhrif af mögulegum endurgreiðslum á þessu stigi. „Okkur hefur ekki gefist svigrúm til að setjast niður og átta okkur á þeim fjárhæðum sem um er að ræða. Þetta þarf allt að skoða af yfirvegun.“

Mun ráðuneytið koma til með að skoða gjaldskrár allra sveitarfélaga þegar kemur að vatnsveitum.

arib@frettabladid.is



Það er mat ráðuneytisins að það sé óheimilt að taka arð af vatnsveitu og því var fallist á kröfu íbúa um að vatnsgjaldið væri ólögsmætt.

Bensínbrúsi fannst á vettvangi brunans við Sléttuveg

LÖGREGLUMÁL Brynja hússjóður mun í framhaldi af bruna sem átti sér stað í bílakjallara við Sléttuveg á páskaðag taka harðar á því að rusl sé skilið eftir í bílakjallara. Bruninn varð snemma páskaðagsmorguns í húsi sem er á vegum sjóðsins. Talið er að hann sé af mannavöldum. Samkvæmt upplýsingum frá Birni Arnari Magnússyni, framkvæmdastjóra Brynju, fannst á vettvangi brunans bensínbrúsi og virðist sem kveikt hafi verið í dekkjum sem átti eftir að ganga frá í bílakjallaranum.

Björn segir í samtali við Fréttablaðið að íbúar hafi verið beðnir að fjarlægja dekkinn áður en bruninn

Við höfum beðið íbúa að vera ekki með dekk þarna og í framhaldi af þessu verður tekið enn harðar á því.

Björn Arnar Magnússon, framkvæmdastjóri Brynju

varð. „Við höfum beðið íbúa að vera ekki með dekk þarna og í framhaldi af þessu verður tekið enn harðar á því. Það verður ekkert leyfilegt þarna eftir þetta,“ segir Björn.

Talsverður fjöldi bíla varð fyrir skemmdum í brunanum, auk þess

sem húsnæðið sjálf skemmdist eitt-hvað. Björn segir að, í samráði við tryggingafélag, hafi iðnaðarmenn verið fengnir á vettvangi í dag og að bílarnir sem voru í kjallaranum hafi verið fluttir í alþrif.

Hann segir að það líti jafnvel út fyrir að þeir séu ekki eins skemmdir og upphaflega var talið en það komi í ljós að þrifum loknum hversu mikið tjónið er.

„Mér sýnist að þetta hafi farið betur en maður þorði að vona. En það er mikið tjón á húsnæðinu. Maður veit ekki með bílana en manni sýnist að þeir hafi sloppið,“ segir Björn. – la



Grunur er um ikveikju við Sléttuveg. Myndin tengist efni fréttarinnar ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

WWW.BILALAND.IS

Yfirfarnir bílar á góðu verði

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílar okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.



Rnr. 391829

RENAULT Espace Initiale Paris
Nýskr. 05/17, ekinn 21 þ.km,
dísil, sjálfskiptur. 7 manna.
Verð 5.490.000 kr.



Rnr. 153592

TOYOTA Rav4 VX 4wd
Nýskr. 05/17, ekinn 65 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 4.890.000 kr.



Rnr. 391848

SUZUKI Baleno
Nýskr. 04/17, ekinn 92 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 1.790.000 kr.



Rnr. 285078

SUBARU Outback Premium Eyesight
Nýskr. 06/17, ekinn 56 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.390.000 kr.



Rnr. 145781

NISSAN Qashqai Tekna+ 2wd
Nýskr. 05/16, ekinn 29 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.690.000 kr.



Rnr. 145584

HYUNDAI Ioniq EV Comfort
Nýskr. 06/18, ekinn 5 þ.km,
rafmagn, sjálfskiptur.
Verð 3.990.000 kr.



Rnr. 121682

HYUNDAI Tucson Premium
Nýskr. 05/18, ekinn 10 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 5.690.000 kr.



Rnr. 145623

MAZDA 2 Niseko
Nýskr. 08/18, ekinn 7 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 1.990.000 kr.



Rnr. 430320

NISSAN Qashqai Acenta 4wd
Nýskr. 12/17, ekinn 20 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 3.990.000 kr.



Rnr. 145729

HONDA CRV Elegance
Nýskr. 07/16, ekinn 32 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 3.990.000 kr.

TILBOÐSBÍLAR Valdir bílar á einstöku tilboðsverði. Fyrstur kemur - fyrstur fær!

Mánaðargreiðsla er gerð samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðu lykill.is. Árið eftir hlutfallslegur kostnaður bílalaána frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtaöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.



Rnr. 331826

**AFSLÁTTUR
700.000 KR.**
HYUNDAI i30 Classic
Nýskr. 07/17, ekinn 78 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 2.290.000 kr.

**TILBOÐ!
1.590.000 kr.**
20.978 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 145680

**AFSLÁTTUR
800.000 KR.**
SSANGYONG Tivoli XLV
Nýskr. 12/17, ekinn 16 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 3.290.000 kr.

**TILBOÐ!
2.490.000 kr.**
32.633 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 145461

**AFSLÁTTUR
400.000 KR.**
RENAULT Clio Intens
Nýskr. 05/18, ekinn 23 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 2.790.000 kr.

**TILBOÐ!
2.390.000 kr.**
31.338 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 430263

**AFSLÁTTUR
800.000 KR.**
NISSAN Qashqai Acenta 4wd
Nýskr. 02/17, ekinn 87 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 3.290.000 kr.

**TILBOÐ!
2.490.000 kr.**
32.633 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 331713

**AFSLÁTTUR
800.000 KR.**
RENAULT Kadjar Zen 4wd
Nýskr. 09/15, ekinn 76 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 2.790.000 kr.

**TILBOÐ!
1.990.000 kr.**
26.158 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

Opið frá kl. 9-18 alla virka daga
og laugardaga frá kl. 12-16

✓ Ástandsskoðun

✓ Ný vetrardekk

✓ Allt að 80% lán

✓ Fjármögnun á staðnum

Bilaland - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

bilaland

Íhalds- og Verkamannaflokkur hefja aftur viðræður um Brexit

BRETLAND Viðræður ríkisstjórnar Theresu May, forsætisráðherra Bretlands, við Verkamannaflokkinn um útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu hófust á ný í gær. Fyrsta lota viðræðna bar ekki árangur og fékk May nokkra gagnrýni á sig frá öðrum úr Íhaldsflokki fyrir að leita á náðir stjórnarandstöðunnar.

Algjör pattstaða hefur ríkt á breska þinginu um Brexit. Þingið hefur í þriggja hálfum tímum samningi sem May-stjórnin náði við ESB um útgöngu en hefur sömuleiðis mistekist að ná saman um aðra

nálgun í útgöngumálinu. Þá hefur þingið einnig hafnað samningslausri útgöngu og hefur því þurft að fresta útgöngu í tvisgang.

Nigel Evans, Íhaldsmaður og annar stjórnenda hinnar áhrifarikur 1992-nefndar flokksins, er sér meðal annars um vantrausts- atkvæðagreiðslur, sagði við BBC í gær að May ætti að segja af sér eins og skot. „Eina leiðin út úr þessari pattstöðu er að Íhaldsflokkurinn fái nýjan leiðtoga,“ sagði Evans. Hann bætti því svo við að May væri nú að leita til Jeremys Corbyn, leiðtoga



Corbyn og May, leiðtogar stærstu flokka Bretlands. NORDICPHOTOS/AFP

Verkamannaflokksins, þegar hún ætti að vera að leita til þjóðarinnar. Ósáttir Íhaldsmenn fengu það í gegn í vikunni að viðbótarlandsfundur yrði haldinn í næsta mánuði. Þar munu fulltrúar flokksins hvaðanæva af Bretlandi ræða um ráðgefandi vantrauststillögu á hendur May.

Þetta er gert þar sem þingmenn mega ekki lýsa yfir vantrausti á May fyrr en í desember sökum þess að niðurstaða slíkrar atkvæðagreiðslu í desember síðastliðnum var May í hag. – þea



Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu. NORDICPHOTOS/AFP

Kim sækir Pútín heim

NORÐUR-KÓREA Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, mun ferðast til Rússlands og eiga þar fund með Vladímír Pútín, forseta Rússa. Frá þessu var greint í norðurkóreska ríkissjónvarpinu, KCNA, í gær. Óljóst er nákvæmlega hvenær fundurinn verður haldinn. Samkvæmt BBC er talið að leiðtogarnir hittist í Vladívostok á austurströnd Rússlands seint í þessum mánuði.

Hinn fyrrihugaði fundur Kim með Pútín er síður en svo óvæntur. Allt frá því Kim hóf að hitta erlenda leiðtoga, þá Donald Trump Bandaríkjaforseta, Xi Jinping Kínaforseta og Moon Jae-in Suður-Kóreuforseta, hefur verið rætt um mögulegan fund með Pútín.

Fundurinn með Pútín mun fylgja í kjölfar fundar með Trump sem álitinn var misheppnaður, enda náðu Kim og Trump ekki samkomulagi um framhaldið í kjarnorkuafvopnun Kóreuskagans og undirrituðu enga sameiginlega yfirlýsingu.

Sovétríkin voru á árum áður ein helsta vinabjór Norður-Kóreu. Frá falli Sovétríkjanna hafa Rússar nokkuð fjarlægst einræðisríkið en Pútín, sem og Dmitrij Medvedev, fyrrverandi forseti, funduðu báðir með Kim Jong-il, einræðisherra og föður Kim Jong-un, á sínum tíma. – þea

Innkalla alla Galaxy Fold

TÆKNI Suðurkóreski tæknirísinn Samsung hefur innkallað alla þá Galaxy Fold-snjallsíma sem sendir höfðu verið til gagnrýnenda og tæknibloggara. Reuters greindi frá í gær og hafði eftir heimildarmönnum.

Fold er á meðal fyrstu samantvívörðunarsímanum. Síminn er útbúinn litlum skjá á framhlíð en mun stærri skjá þegar hann er opnaður líkt og um veski sé að ræða.

Tækniblaðamenn og -bloggarar hafa allmargir greint frá því undanfarna daga að innri skjáinn eyðileggist annaðhvort við minnsta áreitni eða jafnvel af algjörlega óljósum ástæðum. Skjárinn hefur til að mynda brotnað, bólgnað eða hætt að virka án sýnilegra galla.

Síminn átti að koma á markað nú í vikunni en Samsung hefur frestað því til þess að rannsaka skjáallann. Svo virðist sem núningur í hjörum símans valdi skjáþjóninu. – þea

Þjóðarsorg og fjöldaútfarir

Útför þrjátíu fórnarlamba haldin í einni þeirra kirkna sem ráðist var á um helgina. Utanríkisráðherra segir útlit fyrir að um hefndarverk hafi verið að ræða. Tala látinna hækkar sífellt. 310 eru nú sögð látin.

SRI LANKA Fyrsta fjöldaútförin fór fram á Sri Lanka í gær eftir sprengjuárásirnar sem gerðar voru á páska-dag. Tala látinna hefur hækkað jafnt og þétt frá því árásirnar voru gerðar og stóð í 310 í gær. Um 500 til viðbótar særðust í árásunum, samkvæmt því er srílanskir miðlar höfðu eftir lögreglu.

Sex sprengjur sprangu næstum samstundis á hótélum í Colombo og í kirkjum í Negombo, Batticaloa og Kochchikade meðan á messu stóð á páska-dag. Um fimm klukkustundum seinna sprakk sjöunda sprengjan nærri dýragarði í Dehiwala og sú áttunda um hálf tíma síðar í Dematagoda.

Útför þrjátíu fórnarlamba fór fram í gær í kirkju heilags Sebastíans í Negombo, einni þeirra kirkna sem ráðist var á.

Skorið var á samfélagsmiðla og útgöngubanni lýst yfir í kjölfarið. Á mánudegi var útgöngubanni aflétt en lýst aftur yfir um kvöldið. Sprengja fannst á flugvellinum í Colombo og var gerð óvirk og 87 hvellhettur á rútustöð í Pettah. Síðar fann lögregla sprengju við kirkju í Colombo sem sprakk þegar reynt var að gera hana óvirka.

Neýðarástand ríkir nú á eyríkinu. Lögregla og her hafa þar með algjör völd til þess að handtaka og yfirheyra grunaða án þess að þurfa að fá heimildir frá dómstólum. Fjór-tíu hafa verið handtekin í tengslum við árásirnar.

Ekki liggur fyrir hversu mörg særðust eða fórust í hverri sprengju-árás fyrir sig. Samkvæmt lögreglu voru upphaflegu árásirnar átta sjálfsmorðsárásir á ábyrgð öfga-samtakanna National Thowheed Jamath (NTJ). Þessi samtök hafa, samkvæmt breska ríkissjónvarpinu, ekki gert stórar árásir sem þessar áður. NTJ hefur ekki lýst yfir ábyrgð á árásunum. Hins vegar gerðu hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við íslamskt ríki (ISIS) það í gær á AMAQ, fréttaveitu sinni.

Ruwan Wijewardene, utanríkis-



Mikil sorg ríkir á Sri Lanka eftir hinar mannskæðu árásir sem gerðar voru á páska-dag. NORDICPHOTOS/AFP



Kona grætur við líkkistu fórnarlamb árásarinnar á kirkju heilags Sebastíans. NORDICPHOTOS/AFP

ráðherra Sri Lanka, sagði á þingi í gær að á upphafsstigi rannsóknar líti út fyrir að NTJ hafi gert árásirnar sérstaklega til þess að hefna fyrir hryðjuverkaárás hvíts þjóðernissinna á moskur í Christchurch í síðasta mánuði. Þá myrti árársmaður fimmtíu manns.

„Það verður að vera á hreinu að þessar árásir [á Sri Lanka] voru ekki gerðar með trú í huga. Árásarmenn-

310

hið minnsta fórust í árásunum.

irnir höfðu hefnd, hatur og illsku að leiðarljósi. Við megum ekki áfella-ast hið fríðsæla samfélag múslima vegna gjörða árársarmanna,“ bætti Wijewardene við.

Utanríkisráðherra sagði aukin- heldur að yfirvöld myndu nú kempa hverja sveit til þess að fanga og refsa öllum þeim sem komu að árásunum. „Við höfum nú þegar framkvæmt þýðingarmiklar handtökur og rannsókom möguleg tengsl við alþjóðleg öfgasamtök.“

Greint hefur verið frá því að srílanskar öryggisstofnanir hafi fylgst með NTJ og gert lögreglu viðvart um að árás gæti verið yfirvofandi. Hins vegar var Ranil Wickremesinghe forsætisráðherra ekki gert viðvart né ráðuneyti hans.

Rajitha Senaratne, upplýsingafultrúi ríkisstjórnarinnar, sagði það vera vegna samskiptaörðugleika á milli Wickremesinghe og Sirisena forseta. Ekki liggur hins vegar fyrir hvort Sirisena sjálfum hafi verið gert viðvart. Wickremesinghe sagði í gær að stjórnvöld teldu vissulega mögulegt að ISIS hafi komið að árásunum.

Sirisena hefur lengi átt í útistöð-um við Wickremesinghe. Hann rak hann úr starfi og gerði sinn gamla erkifjanda, Mahinda Rajapaksa, að forsætisráðherra. Þingið lýsti itrekað yfir vantrausti á Rajapaksa og svo fór í desember að Wickremesinghe fékk sæti sitt á ný.

Rajapaksa kvaddi sér til hljóðs á þingi í gær og sakaði stjórnvöld um að hafa vanrækt leyniþjónustustofnun ríkisins árum saman. „Ríkisstjórnin getur ekki flúið undan ábyrgð sinni. Hún vissi af árásunum en varaði hvorki almenning né kirkjur við. Gekki svo úr skugga um að enginn ráðherra né þingmaður sækti messu,“ sagði Rajapaksa í ræðu sinni. thorgnyr@frettabladid.is

Frakkar reyna að skýla Notre Dame frá votviðri

FRAKKLAND Unnið var hörðum höndum að því í gær að skýla Notre Dame-kirkjunni fyrir votviðri. Þak kirkjunnar og kirkjuspíran stóreyðilögðust í bruna í síðustu viku og óttast er að rigning og mögulega þrumuveður gætu valdið miklu tjóni bæði inni í kirkjunni og á ytra byrði hennar. Þá eru stóðir byggingarinnar einnig veikburða og gæti allt álag valdið stórtjóni.

Philippe Villeneuve, yfirarkitekt kirkjunnar, sagði í samtali við franska miðilinn BFMTV í gær að það væri í algjörum forgangi að setja vatnsheldan segldúk yfir kirkjuna. „Dúkurinn er á leiðinni. Starfsfólkið og vinnupallarnir eru tilbúnir,“ sagði Villeneuve.

Emmanuel Macron, forseti Frakk-

lands, hefur heitið því að endurbyggingu kirkjunnar verði lokið innan fimm ára. Það er að segja áður en Ólympíuleikar verða haldnir í borginni árið 2024. Édouard Philippe forsætisráðherra hefur boðað alþjóðlega hönnunarsamkeppni fyrir nýja kirkjuspíru.

Búast má við því að verkefnið verði bæði flókið og dýrt. Frakkar búa hins vegar svo vel að fjöldi sérfræðinga og verkataka hefur boðið fram krafta sína. Þá hafa auðjöfrar og stórfyrirtæki heitið hundruðum milljóna evra til verkefnisins. Á meðan kirkjan undirgengst viðgerðir stendur svo til að reisa bráðabirgðakirkju úr víði á kirkju-torginu svo sóknarbörn geti áfram sótt messur. – þea



Kirkjan stórskemmdist í bruna. NORDICPHOTOS/AFP

SKOÐAÐU TILBOÐIN OKKAR Á
ORMSSON.IS

SAMSUNG

Gæði á öll heimili



KÆLISKÁPUR 185CM
RB33J3215SS/EF

Stál.
Heildarrými: 228 lítrar. Kælirými: 230 lítrar. Frystirými: 98 lítrar. 4. stjörnu. Mál B-H-D í mm: 595 x 1850 x 668

VERÐ NÚ: 92.900,-



KÆLISKÁPUR 185CM
SARR39M70170F/EE

Stál.
Heildarrými: 385 lítrar. Kælirými: 385 lítrar. Multi Flow. Skúffufjöldi : 2. Hillufjöldi : 5 Mál B-H-D í mm: 595 x 1853 x 694

VERÐ NÚ: 99.900,-



KÆLISKÁPUR 202CM
RB36J8035SR

Stál.
Heildarrými: 357 lítrar. Kælirými: 247 lítrar. Frystirými: 110 lítrar. Mál B-H-D í mm: 595 x 2017 x 597

VERÐ NÚ: 135.900,-



KÆLISKÁPUR USA STÁL SÓDA
SARF24HSESCSR/EE

Stál.
Heildarrými: 495 lítrar. Kælirými: 333 lítrar. Frystirými: 123 lítrar. 4 Stjörnu. Twin Cooling , aðskilin kælikerfi. Sodastream. Klakavél. Mál B-H-D í mm: 908 x 1777 x 788.

VERÐ NÚ: 356.900,-



KÆLISKÁPUR USA SVARTUR
SARS68N8231B1/EF

Svartur.
Heildarrými: 617 lítrar. Kælirými: 407 lítrar. Frystirými: 210 lítrar. 4. Stjörnu. Twin Cooling, aðskilin kælikerfi. Klakavél. Mál B-H-D í mm: 917 x 1780 x 716.

VERÐ NÚ: 227.900,-



KÆLISKÁPUR 185CM
RB33J3215WW/EF

Hvítur.
Heildarrými: 228 lítrar. Kælirými: 230 lítrar. Frystirými: 98 lítrar. 4. stjörnu. Mál B-H-D í mm: 595 x 1850 x 668

VERÐ NÚ: 84.900,-



KÆLISKÁPUR 185CM
SARR39M7010WW/EE

Hvítur.
Heildarrými: 385 lítrar. Kælirými: 385 lítrar. Multi Flow. Skúffufjöldi : 2 Hillufjöldi : 5 Mál B-H-D í mm: 595 x 1853 x 694

VERÐ NÚ: 94.900,-



KÆLISKÁPUR 202CM
SARB36J8035WW/EF

Hvítur.
Heildarrými: 357 lítrar. Kælirými: 247 lítrar. Frystirými: 110 lítrar. 4. Stjörnu. Mál B-H-D í mm: 595 x 2017 x 597

VERÐ NÚ: 127.900,-



KÆLISKÁPUR USA HVÍTUR
SARS50N3403WW/EE

Hvítur.
Heildarrými: 501 lítrar. Kælirými: 357 lítrar. Frystirými: 144 lítrar. 4. Stjörnu. Mono Cooling. Klakavél. Mál B-H-D í mm: 912 x 1789 x 734.

VERÐ NÚ: 159.900,-



KÆLISKÁPUR USA HVÍTUR
SARS68N8231WW/EF

Hvítur.
Heildarrými: 617 lítrar. Kælirými: 407 lítrar. Frystirými: 210 lítrar. 4. Stjörnu. Twin Cooling, aðskilin kælikerfi. Klakavél. Mál B-H-D í mm: 912 x 1780 x 716.

VERÐ NÚ: 219.900,-



WW70 Þvottavél

7 KG. 1400 SN.

Eco Bubble

VERÐ NÚ: 59.900,-



DV70 Þurrkari

7 KG. barkarlaus þurrkari. Varmadæla í stað elements.

VERÐ NÚ: 84.900,-

Við seljum eingöngu
SAMSUNG
með kolalausum mótör
með 10 ára ábyrgð

ecobubble™
TECHNOLOGY

**HVAÐ ER
ECO BUBBLE?**

Leysir upp þvottaduft
undir þrýstingi og
myndar kvoðu,
svo duftið leysist upp á
um það bil 15 mín,
í stað 30-40 ella.



WW80 Þvottavél

8 KG. 1400 SN.

Eco Bubble

VERÐ NÚ: 67.900,-



DV80 Þurrkari

8 kg barkarlaus þurrkari. Varmadæla í stað elements.

VERÐ NÚ: 97.600,-

Skoðuðu úrvallid okkar á
ORMSSON.IS

ORMSSON

***SENDUM UM LAND ALLT**

SAMSUNG
SETRIÐ
LÁGMÚLA 8 | SÍMI 530 2800



Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15



samsungsetrid

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON ÞRISTUR ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK -EGILSSTÓÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NEKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	---	---	--	---	--	------------------------------------

Höfundurinn



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Allir þeir einstaklingar sem lesa sér til ánægju þekkja þá tilfinningu að hrífast af bók og fyllast um leið forvitni um höfund hennar. Þetta er tilfinning sem Holden Caulfield, hin unga aðalpersóna í þeirri ástsælu skáldsögu Bjargvættinum í grasinu eftir J.D. Salinger, orðar svo vel: „Bækur sem ég fæ tilfelli út af eru bækur sem eru þannig að þegar maður er búinn að lesa þær þá vildi maður að höfundurinn væri ógurlega mikill vinur manns og maður gæti hringt í hann hvenær sem maður vildi.“

Það var einmitt þessi tilfinning sem gerði vart við sig meðal íslenskra bókmenntaunnenda árið 2003 þegar japanski rithöfundurinn Haruki Murakami var gestur Bókmenntahátíðar í Reykjavík. Troðfullt var á dagskrá með honum í Norræna húsinu og í Háskóla Íslands og lesendur hans létu spurningum rigna yfir hann og löng röð myndadist þegar hann áritaði bækur sínar.

Bókmenntahátíð í Reykjavík sem sett verður formlega í dag, miðvikudaginn 24. apríl, gefur íslenskum lesendum einmitt færi á að komast í nánd við rithöfunda víðs vegar að úr heiminum. Enginn þeirra er stórstjarna á við hinn ástsæla Murakami enda á sá góði rithöfundur fáa sína líka í samtímanum, en þarna eru á ferð merkir rithöfundar sem eiga erindi við lesendur. Bækur eftir flesta erlendu höfundanna hafa verið þýddar á íslensku og hrifið fjölmarga lesendur sem fagna því að fá þá til landsins. Það er einmitt vegna þessarar hátíðar, sem haldin hefur verið í áratugi, sem fjöldi þýðinga úr erlendum málum á íslensku hefur litið dagsins ljós. Þýðingar sem annars hefðu alls ekki allar komið út.

Margt og mikið hefur verið rætt og ritað um minnkandi bóklestur. Því verður hins vegar ekki á móti mælt að bókelskt fólk gefur hvergi eftir þegar kemur að því að gera veg bókarinnar sem mestan og stærstan. Hópur þeirra bókelsku má þó alltaf vera stærri og helsta ráðið til að gera hann sem öflugastan er að fá æsku landsins til liðs við sig. Þessu hafa forráðamenn Bókmenntahátíðar í Reykjavík hugað að en nú er í annað sinn sérstök barnabókadagskrá á hátíðinni. Slik dagskrá mætti þó vera enn fyrirferðarmeiri. Börn eru áhugasamir lesendur og það á að gera vel við þau. Stundum er auðvelt að fá það á tilfinninguna að bókmenntaheimurinn sé aðallega hannaður fyrir þá fullorönu og um leið er eins og barna- og unglíngahöfundar séu settir skör lægra en þeir sem skrifa fyrir fulloröna, nema viðkomandi höfundar heiti J.K. Rowling og Philip Pullman. Barna- og unglíngabókahöfundar mega ekki gleymast, þeir eru að vinna einstaklega mikilvægt starf og engir gera sér betur grein fyrir því en ungir og ástríðufullir lesendur þeirra.

Á hátíðinni í ár verða í fyrsta sinn veitt Alþjóðleg bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness og falla í skaut virtum erlendum rithöfundum. Verðlaunin eru tengd Bókmenntahátíð í Reykjavík og til þess fallin að auka enn veg hennar og virðingu og minna á hversu mikið við eigum höfundum bóka að þakka.

Gleðilega bókmenntahátíð!

Halldór



Bókelskt fólk gefur hvergi eftir þegar kemur að því að gera veg bókarinnar sem mestan og stærstan.

ALLT fyrir listamanninn

Verkfæralagerinn

Smáratorgí 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, v@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Frá degi til dags

Undan í flæmingi
Guðmundur Ingi Guðbrands-son, sem eitt sinn var í stafni íslenskrar náttúruverndar, var iðinn við að koma hugmyndum sínum og skoðunum á framfæri þegar hann var skipstjóri á því skipi. Nú hins vegar virðist hann ekki ætla að láta ná í sig vegna Finna-fjarðarverkefnisins sem hann sjálfur var svo á móti fyrir nokkrum árum.

Aðstoðarmaðurinn hans sagði að ríkið hefði ekki fjárhagslega aðkomu að verkefninu. Það er hins vegar ekki satt. Samgönguráðherra, samráðherra Guðmundar Inga, veitti átján milljónir króna í styrk til nauðsynlegrar uppbyggingar fyrir síðustu jóli.

Fyrsta náttúruvæna höfnin
Sviðstjóri hjá verkfræðistofnun Eflu, sem vinnur að skipulagningu og hönnun Finna-fjarðarhafnarverkefnisins, hefur einnig látið hafa það eftir sér að engin mengandi starfsemi verði í Finna-fjarðarhöfn. Það trúir því ekki nokkur maður að þau flutningaskip sem koma í Finna-fjörð verði knúin vetni og varla telst eldislax úr stórskiphöfn söluvæn afurð úr íslenskri náttúru. Sannleikurinn er oftast sagna bestur í stað skýjaborga um grænar hafnir fyrir námagróft á Grænlandi. sveinn@frettabladid.is

Órangútan til Víkur



Einar Freyr Elinarson
oddviti
Mýrdalshrepps

Í þáttunum Jörðin okkar sem sýndir eru á Netflix er m.a. sagt frá regnskógum jarðar og því lýst hvernig líffræðilegri fjölbreytni er stórlega ógnað. Maðurinn hefur umbreytt 27 milljónum hektara af regnskógum í svæði þar sem nú eru bara olíupálmatré sem gefa mikla uppskeru en ógna samt fjölbreytileikanum. Skógar sem hafa verið heimkynni orangútana hafa á síðustu áratugum rýrnað um 75%. Fjölbreytileiki er nefnilega grundvallarfor-senda heilbrigðs og sjálfbærs samfélags.

Á síðustu áratugum höfum við séð aukna einhæfni í atvinnulífi landsbyggðarinnar. Störf sem krefjast sérfræðiþekkingar hafa eins og orangútanarnir þjappast saman á smærra landsvæði. Við höfum séð gríðarlegan vöxt víða um land vegna aukinnar ferðaþjónustu en lögmálið um samþjöppun starfa á vegum ríkisins á höfuðborgarsvæðið ríkir enn.

Til þess að okkur takist að búa til sjálfbært samfélag þá verður að koma til fjölbreyttari samsetningu fyrirtækja og íbúa. Íbúar Mýrdalshrepps hafa á síðustu árum unnið hörðum höndum að því að gera svæðið samkeppnishæft, t.a.m. með lagningu ljósleiðara. Þetta samkeppnishæfa samfélag sem okkur hefur tekist að skapa hefur alla þá innviði sem þarf til þess að þjónusta fjölbreytt atvinnulíf. Þar leikur ríkið stórt hlutverk sem atvinnurekandi. Við erum búin að plægja akurinn, nú þarf bara að sá í hann.

Við þurfum ekki orangútan til Víkur en eins og hann þá þurfum við meiri fjölbreytileika til að þrífast sem best. Vík í Mýrdal hefur alla burði til þess að vera lifandi kaupstaður sem iðar af mannlífi og fjölbreyttu atvinnulífi. Til að ná því markmiði þarf ríkið að vinna með okkur. Þjóðskrá Íslands, Samgöngustofa, Mannvirkjastofnun; það skiptir raunverulega ekki máli hvaða nafn stofnunin ber. Við getum tekið á móti hverri sem er. Við erum tilbúin og biðum nú spennt eftir því að alþingismenn og ráðherrar sýni að þeim sé alvara þegar þeir tala um að efla dreifða byggð í landinu.



Til þess að okkur takist að búa til sjálfbært samfélag þá verður að koma til fjölbreyttari samsetningu fyrirtækja og íbúa.

Misskilningurinn með Passíusálmana



Arni Heimir Ingólfsson
tónlistarfræðingur

Passíusálmar Hallgríms Péturssonar eru lykilverk í íslenski bókmenntasögu og þeir hljóma um land allt í margs konar samhengi á lönguföstu ár hvert. Það er auðskilið og sjálfsagt að sálmunum Hallgríms sé haldið á lofti með slíkum hætti. Um leið er eðlilegt að hver kynslóð finni sína eigin leið til að nálgast menningararfinn og minna á, ræða eða jafnvel deila um erindi hans við samtímann; gildir þá einu hvort um er að ræða til dæmis bókmenntir, tónlist eða myndlist.

Lesið, ekki sungið

Þó veður nokkra furðu sá flutningsmáti sem Passíusálmunum er búinn í íslensku menningarlífi á 21. öld. Undanfarin ár og áratugi hefur sú hefð komist á að sálmarnir séu lesnir upphátt í kirkjum landsins á föstudaginn langa. Í Hallgrímskirkju hefur slíkt verið iðkað allt frá því að kirkjan var vígð; samskonar venja hefur fest rætur í guðshúsum víða um land. Slíkur lestur á líklega að einhverju leyti rætur að rekja til þeirrar hefðar sem Ríkisútvarpið hefur haldið uppi frá árinu 1944 að þar séu Passíusálmarnir lesnir að kvöldlagi í níu vikna-föstu, einn á dag. Margir mætir menn og konur hafa þar léð þeim rödd sína: Halldór Laxness, Herdís Þorvaldsdóttir, Þorsteinn frá Hamri og Silja Aðalsteinsdóttir svo aðeins séu nefnd fáein nöfn.

Það er hins vegar grundvallarmisskilningur á sálmakveðskap Hallgríms Péturssonar – og raunar á öllum íslenskum sálmakveðskap 17. og 18. aldar – að slíkir textar hafi verið ortir til upplestrar. Sálmur voru ávallt sungnir, hvort heldur var í kirkju eða innan veggja heimilisins. Tónlistin var ekki aukaatriði sem bætt var við eftir á heldur sjálfur grundvöllur kveðskaparins. Skáld ortu beinlínis við tiltekin lög; í sköpun sinni tóku þau mið af bragarhættinum og þurftu að huga að því hvernig áherslur lagsins féllu þegar þau ortu sín íslensku vers. Einnig urðu skáld að gæta að því þegar þau völdu lag að það hæfði yrkisefninu; ekki dugði að yrkja sorgarsálm við glæðlegt lag eða fagnaðarsálm við útfararsöng. Tónlistin var því forsenda og grundvöllur sálmakveðskapar, heil viðbótartídd sem hverfur þegar sálmur eru lesnir upp sem væru þeir síðari tíma ljóð ætluð til lestrar.

„Daglega að syngja...“

Það að sálmur voru fyrr á öldum ætlaðir til söngs en ekki lestrar í nútímaskilningi má meðal annars sjá af yfirskriftum sálmahandrita þar sem eingöngu eru ritaðir textar. Í handriti af sálmunum sem Eiríkur Hallsson orti upp úr Paradísaraldingardöi eftir þýska guðfræðinginn Johann Arndt stendur að línurnar séu „í söngvisur mjúklega snúnar“ og á titilsíðu sálmakvers frá árinu 1784 segir að það sé „samansafn helgra sálma og söngvísna til að brúka og kvöld og morgna daglega að syngja í húsi sínu“. Íslendingar voru langt frá því að vera einir um að kjósa fremur að syngja en lesa kvæði. Það var útbreitt viðhorf að söngur væri hinn sanni flutningsmáti trúarkvæða því að söngurinn hreyfði við hjartanu og gerði það móttækilegt fyrir orði Guðs. Guðbrandur Þorláksson biskup ritaði í formála fyrir Sálmabókinni 1589: „þegar þar kemur til samans mjúk málsníld orðanna og fagurlegt lag og sæt hljóðagrein, þá fær sá söngur nýjan kraft og gengur dýpra til hjartans og hrærir það og uppvækur til Guðs.“

Þessari skoðun Hólabiskupsins

hefur Hallgrímur Pétursson vafalaust deilt. Í eiginhandarriti sínu af Passíusálmunum tiltekur hann hvaða lag skuli syngja við hvaða sálm og er alls um að ræða 36 mismunandi lög. Hallgrímur gaf því „lesendum“ sínum, þ.e. þeim sem vildu syngja sálma hans, allar þær upplýsingar sem þurfti til að söngurinn færi fram með réttum hætti. Söngvarnir sem hann orti Passíusálma sína við eru af ýmsum toga, allt frá fornum hymnum úr kaþólskum sið til lútherskra sálmalaga frá 16. öld. Þessi lög varðveittust hér

á landi allt fram á fyrri hluta 20. aldar og hefur Smári Ólason tónlistarfræðingur unnið merkar rannsóknir á sögu þeirra og flutningsmáta sem vert er að gefa gaum.

Passíusálmasongur árið 2020?

Metnaðarfullar kirkjusóknir og útvarpsfólk mega gjarnan hrófla við þeirri hefð sem skapast hefur hér á landi undanfarna áratugi en sem á ekkert skylt við ætlu Hallgríms Péturssonar. Á lönguföstu 2020 væri tilvalið að láta upprunalegu lögin við

Passíusálmana hljóma á ný í kirkjum landsins og ekki síður fyrir Ríkisútvarpið að breyta út af gömlum vana og láta syngja sálmana í stað þess að lesa þá. Helst ætti auðvitað að syngja sálmana einradda án undirleiks, eins og tíðkaðist hér á landi á 17. öld. Til allrar hamingju er hér enginn hörgull á færum söngvurum. Leikarar landsins þurfa varla að kvíða verkefnaskorti þótt brugðið verði á það ráð að leyfa Passíusálmum Hallgríms Péturssonar að hljóma eins og hann sjálfur hugsaði sér þá – sungna en ekki lesna.



Það er hins vegar grundvallarmisskilningur á sálmakveðskap Hallgríms Péturssonar – og raunar á öllum íslenskum sálmakveðskap 17. og 18. aldar – að slíkir textar hafi verið ortir til upplestrar.

CANDY FLOSS

HOPPU KASTALI

MÖGNUM SKEMMTI ATRÍÐI

ANLITS MÁLUN

POPP KORN

BLÖÐRU BRELLUR

KIDS COOLSHOP

OPNUNARHÁTÍÐ
SUMARDAGINN FYRSTA KL.12 Í KRINGLUNNI

LEIKFÖNG ÓTRÚLEG TILBOÐ

Kids Coolshop Iceland ÞÚ GÆTIR UNNIÐ 500ÞÚS
GJAFABRÉF Í FACEBOOK LEIKNUM OKKAR FJÖLDI VINNINGA

KIDS COOLSHOP • KRINGLAN REYKJAVÍK • SMÁRATORG KÓPAVOGI • GLERÁRTORG AKUREYRI

24. apríl 2019 • Birt með fyrirvara um breytingar, innviðarvillur og myndabrot



Það erum við sem erum skynlausar skepnur, ekki dýrin

Sölvi Jónsson
félagsliði og
tónlistarmaður



Á hverju ári er 56 milljörðum dýra slátrað, sem gerir 2.000 dýr á hverri sekúndu, og er þá fiskurinn ekki meðtalinn. Áætlað er að meðal Vesturlandabúi éti yfir 7.000 dýr á líftíma sínum; 11 kýr, 27 svín, 30 kindur, 2.400 hænur, 80 kalkúna og 4.500 fiska. Efkaninum, öndum, gæsnum, geitum og sjávarfangi öðru en fiski væri bætt við matseðilinn þá gerir þetta 7.500 dýr.

En af er það sem áður var þegar húsdýrum var haldið til sveita og fengu að njóta útiveru og samleigs atlætis. Í dag hefur hinn fjandsamlegi verksmiðjubúskapur að mestu leyst sveitabúskapinn af hölmum.

Dæmi úr eggjaíðnaðinum: Þegar varphænum er komið upp þá eru karlkynsunga flokkaðir frá kvenkyns. Þeim er síðan hent á færiband sem endar við kvörn. Goggurinn á óheppnari ungunum (kvenkyns) er að hluta klipptur af. Þegar ungarnir eru orðnir stórir munu þeir nefnilega eyða lífinu margir saman í búrum sem eru svo litil að þeir geta ekki einu sinni breitt út vængina. Í leiðindum sínum er hætt við að hænurnar fari að kroppa í hver aðra. Varphænur eru „búnar“ þegar þær fara að verpa minna og er slátrað 18-24 mánaða gömlum. Fíðurfénaðurinn er hengdur á löppunum upp á króka og fer eftir „færibandi“ að hjólblaði sem snýst og sker hann á háls. Í millitíðinni eiga hænurnar að hafa farið með höfuðið ofan í vatn sem slær þær út tímabundið þannig að dauðinn á að vera sársaukalaus. Það er hins vegar vítað að hænurnar „missa“ sumar hverjar af vatninu.

Dæmi úr mjólkuriðnaðinum: Mjólkurkúr eru þvingaðar til þess að bera kálfi á hverju ári, annars dettur mjólkurnytin niður. Kálfurinn er tekinn af kúnni aðeins nokkurra tíma gamall og er oftast slátrað. Þeir sem til þekkja segja að móðirin syrgi kálf sinn svo dögum skiptir. Mjólkurkúr þjást margar hverjar af krónískum og þjáningarfullum jógurbólgu enda eru þær að mjólka margfalt á við það sem er þeim náttúrulegt. Á heimasíðu íslenskra mjólkurbænda kemur



Dýrunum er ekki eiginlegt að vera lokuð inni fyrir lífstíð í daunillum skemmum með þann eina dóm á bakinu að okkur finnst kjötið af þeim gott eða egginn eða mjólkinn undan þeim.

fram að íslenskar mjólkurkúr „endist“ að meðaltali í tæp þrjú ár. Búpeningur er drepinn með pinna í gegnum hausinn. Í u.þ.b. 10% tilfella geigar pinninn með miklum þjáningum fyrir skepnuna og þá geigar líka oftast pinni númer tvö.

Hlutgering dýra er algjör – nei, þetta er ekki rétt, við þurrkum af hlutum og þóssum að þeir brotni ekki. Við höfum skapað húsdýrunum líf sem er hreinasta helvíti á jörð. Dýrunum er eiginlegt að njóta útiveru og éta það sem jörðin gefur afsér. Dýrunum er ekki eiginlegt að vera lokuð inni fyrir lífstíð í daunillum skemmum með þann eina dóm á bakinu að okkur finnst kjötið af þeim gott eða egginn eða mjólkinn undan þeim. En með þessari helför gagnvart húsdýrunum erum við um leið að undirrita okkar eigin dauðadóm. Eina leiðin til þess að dýrin hrynji ekki niður úr sjúkðómum lifandi í þrengslunum og skitnum af hvert öðru er að dæla í þau sýklalyfjum. Við stöndum frammi fyrir því að stærsta framförlæknávisindanna, sýklalyfin, verði ónothæf eftir nokkra áratugi. Sýklalyfin eru stærsta ástæðan fyrir langlífi nútímamannsins.

Svo má heldur ekki gleyma umhverfisáhrifunum. Kjötneysla jarðarbúa ein og sér losar meira af gróðurhúsalofttegundum heldur en allar samgöngur jarðar samanlagt og þú þarft margfalt meira vatn og jarðnæði til að „rækta“ kjöt heldur en matjurtir.

Í þessari umfjöllun hef ég slegpt húsdýrunum sem er farið verst með, svínunum. Ef lesandinn vill vita meira og sjá aðbúnað dýra í verksmiðjubúskap nútímans með eigin augum þá bendi ég honum á heimildarmyndina Dominion, sem er aðgengileg á YouTube. Allt myndefni Dominion kemur frá hinu „síðmenntaða“ landi Ástralíu.

Svo er það samviskuspurningin að lokum:

Vilt þú vera þátttakandi í þessu?

Stundum er skegg keisarans fast við andlitið á honum




Kári
Stefánsson

Albert Einstein var tuttugu og sex ára gamall þjakkur og vann á einkaleyfaskrifstofu í Bern í Sviss árið 1905 þegar hann birti fjórar vísindagreinar sem hver um sig breytti heimsmynd okkar. Hann er mesti vísindamaður allra tíma, langmesti. Þegar við vísindamenn lendum í oflæti þurfum við ekki annað en að segja Albert Einstein upphátt og þá verður jafnvel þeim forhertasta á meðal okkar ljóst að í samanburðinum er hann eins og lítill steinvala í Kollafjarðarfjörrunni við hliðina á Esjunni. Ein af vísindagreinunum sem Einstein birti voru góða fjallaði um sambandið milli efnis og orku sem hann lýsti með frægustu jöfnu allra tíma $E = mc^2$. Hann sýndi fram á að það má líta á alla hluti sem einhvers konar form af orku eða að í öllum hlutum búi orka þótt það sé auðveldara leysa hana úr læðingi í sumum hlutum en öðrum. Ekki veit ég hvers vegna mér dettur þetta í hug í hvert skipti sem ég heyri á þriðja orkupakkann minnst, nema ef vera skyldi vegna barnslegrar löngunar minnar til þess að verða vitni að því að við Íslendingar sýnum þannig hugvitsmi við nýtingu á orku sem við sækjum í fallvötn að hún beri þess merki að við séum af sömu dýrategund og Einstein. Umræðan um orkupakkann er því miður farin að hljóma eins og frekar innihaldslitil deila um keisarans skegg í stað þess að vera okkur ástæða til þess að endurskoða afstöðu til þess hvernig við nýtum þá raforku sem er sameign þjóðarinnar.

Hér er ein skoðun á því hvernig við ættum að gera það:

Það bærst um daginn þær fréttir af aðalfundi Landsvirkjunar að afkoma hennar hefði verið betri árið 2018 en í nokkurn annan tíma og þrátt fyrir það ætlaði hún að hækka gjaldskrá sína um þrjátíu prósent? Landsvirkjun er í eigu ríkisins þannig að tekjur hennar umfram rekstrar- og skattlagning. Raforka sem er seld til málmbraðslna í eigu erlendrar fyrirtækja er verðlögð samkvæmt samningum til margra ára þannig að ekki er líklegt að þær gjaldi í bráð þessa aukna fjárþorsta Landsvirkjunar. Það sama verður ekki sagt um íslensk fyrirtæki og heimilin í landinu. Útsöluverð á rafmagn var notað til þess að sannfæra erlend fyrirtæki um að byggja málmbraðslur í landinu á þeim tíma þegar við sáum ekki vænni kost til þess að nýta orkuna okkur til framfærslu. Nú held ég að sé kominn tími á að við horfum til þess möguleika að nýta auðveldan aðgang að vistvænni orku til þess að ýta undir annars konar og meira aðlaðandi uppbyggingu. Við eigum að hafa raforkuna á framleiðsluverði og ekki krónu umfram það til þess að lækka kostnað heimilanna og hlúa að fjölbreytni í íslensku atvinnulífi. Eitt dæmi um möguleika sem lægra rafmagnsverð gæti skapað liggur í landbúnaði. Í dag flytjum við inn meiri hlutann af því grænmeti sem við neytum frá löndum sem rækta grænmeti í gróðurhúsum. Mjög stór hluti af rekstrarkostnaði gróðurhúsa fer í rafmagn. Við eigum að sjá til þess að við séum samkeppnishæf í rekstri gróðurhúsa svo við getum ræktað okkar grænmeti sjálf, þann-



Við eigum að hafa raforkuna á framleiðsluverði og ekki krónu umfram það til þess að lækka kostnað heimilanna og hlúa að fjölbreytni í íslensku atvinnulífi.

ig gætt íslenskan landbúnað nýju lífi og aukið sjálfbærni mannlífs á Íslandi. Annað dæmi liggur í gagnaverum sem eru mjög orkukræf. Gagnaverin og þjónusta og tækniþróun í kringum þau gætu, ef rétt er haldið á spilunum, gert upplýsingatækni að raunverulegum stórindnaði í landinu í stað þess að vera sífellt einhvers konar hérumbil grein. Til þess þurfa gagnaverin að eiga aðgang að miklu ódýrari orku. Það væri líka sniðugt ef Alþingi setti lög til að tryggja öryggi gagna í gagnaverum til dæmis með því að lýsa gagnaverin helg vé, sem enginn mætti sækja í gegn vilja þeirra sem gögnin eiga, hvorki hið opinbera á Íslandi né fulltrúar erlendra ríkja. En það er önnur saga.

Það sem skiptir máli þegar við ræðum um lagasetningu sem lýtur að örlögum orku sem við virkjum úr íslenskri náttúru er að hún gegnir ekki bara því hlutverki að lýsa okkur í myrkri og hlýja í kulda, heldur býr hún líka til möguleika á því að skapa og framkvæma. Ísland er enn þann dag í dag harðbýlt og fjarri góðu gamni þannig að við eigum oft undir högg að sækja í samkeppni við atvinnuvegi annarra þjóða. Vistvæna orkan okkar ætti að geta jafnað samkeppnisaðstöðuna á mörgum sviðum ef hún væri skynsamlega verðlögð. Landsvirkjun er í eigu þjóðarinnar en hagar sér því miður eins og það sé hennar aðal-

markmið að fá sem hæst verð fyrir rafmagn, án tillits til þess hvernig það bitnar á atvinnuþróun í landinu. Ein af þeim aðferðum sem hún virðist vilja nota til þess að hækka verðið er að selja rafmagn í gegnum sjálfstæðs fyrirtækis á að selja rafmagn einu dýrt og mögulegt er. Frá sjónarhóli Landsvirkjunar sem sjálfstæðs fyrirtækis á að selja rafmagn einu dýrt og mögulegt er. Frá sjónarhóli íslenskrar þjóðar á Landsvirkjun að selja rafmagn einu ódýrt og hægt er. Landsvirkjun er ekki sjálfstætt fyrirtæki heldur eign þjóðarinnar. Hagsmunir þjóðarinnar eiga að ráða og það er ekkert afstætt við það.

Þegar maður veltir fyrir sér orkupakkann þriðja í tengslum við hugmyndir um það hvernig orkan sem við virkjum úr íslenskri náttúru sé nýtt og mikilvægi hennar fyrir framtíð þjóðarinnar, þá held ég að við ættum láta hann vera þótt ekki sé nema vegna þeirra skilaboða sem samþykkt hans myndi senda börnum okkar og barnabörnum. En ef Alþingi samþykkir orkupakkann þriðja held ég að við lifum það svo sem af vegna þess að við erum öll, 350 þúsund, orðin atvinnumenn og konur í því að takast á við þau bjánasköp kjörinna fulltrúa þjóðarinnar sem þeir fremja gjarnan í nágrenni Austurvallar, þau afdrifaríku inni í hlöðnu steinhúsi sem blasir við Jóni Sigurðssyni, þau sem eru næstum takmarkalaust eymdarleg í depurð sinni í öðrum húsum þar í nágrenninu.

SUMARDAGAR Í ÚTILÍF

20% afsláttur af barnavörum 24. - 25. apríl*

20%
AFSLÁTTUR



ÚTILÍF

síðan 1974

KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Spá Fréttablaðsins fyrir Pepsi Max-deild karla 2019**PEPSI MAX DEILDIN 2019**

1. ?	7. KA
2. ?	8. Fylkir
3. ?	9. Víkingur
4. Breiðablik	10. ÍBV
5. Stjarnan	11. Grindavík
6. ÍA	12. HK

Breiðablik hafnar í 4. sæti

Fréttablaðið spáir því að Breiðablik endi í fjórða sæti deildarinnar. Liðið stillir upp sömu varnarlinu og síðasta sumar og þar fyrir aftan er traustur og reynslumikill markvörður. Miðsvæðið er skipað nýjum og gömlum andlitum og verður spennandi að sjá hversu vel nýir leikmenn aðlagast rútinu skipulagi. Framlínan er beitt og þó nokkur breidd í fremstu vöglínu.

Álitsgjafinn segir Kristján Guðmundsson

Blikar eru með mjög stöðuga og öfluga varnarlinu sem hefur leikið lengi saman og þar fyrir aftan er síðan Gunnleifur Vignir Gunnleifsson sem lætur engan bilbug á sér finna þrátt fyrir að vera kominn á fimmtugsaldurinn. Búið er að skipta um mannskap á miðsvæðinu og það er hvalreki fyrir liðið að bæta Guðjóni Pétri Lýðssyni í hóp tæknilega góðra og vel spilandi leikmanna inni á miðjunni. Blikar misstu öfluga leikmenn sem léku vel inni á miðjunni á síðustu leiktið en hafa fyllt þau skörð vel. Thomas Mikkelsen er svo besti framherji deildarinnar að mínu mati.

Tölfræði sem skiptir máli

17 Blikar fengu á sig 17 mörk í deildinni í fyrra.

2 Liðið varð í öðru sæti bæði í deild og bikar í fyrra.

Nýju andlitin

Guðjón Pétur Lýðsson frá KA Viktor Karl Einarsson frá Varnamo Kwame Quee frá Víkingi Ó. Þórir Guðjónsson frá Fjölni

Fylgstu með þessum

Brynjólfrur Darri Willumsson hefur leikið vel í vetur og lifgað upp á leiki liðsins með laglegum danssporurum í kjölfar marka liðsins.

GENGIÐ SÍÐUSTU SEX TÍMABIL 2018 2. SÆTI | 2017 6. SÆTI | 2016 6. SÆTI | 2015 2. SÆTI | 2014 7. SÆTI | 2013 4. SÆTI |

ÍR er komið í bílstjórasetið í einvígi sínu við KR

ÍR náði forystunni í einvígi sínu við KR um Íslandsmeistaratiðinn í körfubolta karla með 89-83 sigri eftir framlengdan leik liðanna í DHL-höllinni í gær. Matthías Orri Sigurðarson skoraði 12 stig í leiknum og sýndi stáltaugar þegar hann tryggði ÍR framlengingu undir lokin. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Nýjast**Domino's-deild karla Úrslit****KR - ÍR 83-89**

KR: Jón Arnór Stefánsson 16, Kristófer Acox 16, Pavel Ermolinskij 15, Julian Boyd 15, Michele Christopher Di Nunno 11, Helgi Már Magnússon 5, Emil Barja 3.

ÍR: Kevin Capers 28, Gerald Robinson 21, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 14, Matthías Orri Sigurðarson 12, Sæþór Elmar Kristjánsson 5, Sigurkarl Röbert Jóhannesson 4.

ÍR leiðir einvígi liðanna 1-0 en hafa þarf betur í þremur leikum til þess að tryggja sér Íslandsmeistaratiðinn.

Ólis-deild kvenna Úrslit**Valur - Fram 28-21**

Valur: Lovisa Thompson 7, Sandra Erlingsdóttir 5, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4, Diana Dögg Magnúsdóttir 3, Íris Ásta Pétursdóttir 3.

Fram: Þórey Rósa Stefánsdóttir 6, Ragnheiður Júlíusdóttir 6, Hildur Þorgeirsdóttir 4, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 2.

Valur leiðir einvígi liðanna 1-0 en hafa þarf betur í þremur leikum til þess að tryggja sér Íslandsmeistaratiðinn.

Enska úrvalsdeildin**Tottenham - Brighton 1-0**

1-0 Christian Eriksen (88).

Watford - Southampton 1-1

0-1 Shane Long (1), 1-1 Andre Gray (90).

Markmiðið er að fara á HM í haust

FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR Sindri Hrafn Guðmundsson spjótkastari hefur verið að glíma við eymsli í baki undanfarnar vikur en stefnir á að snúa aftur á kastbrautina um miðjan maí. Þar ætla hann að kasta á innanskólámóti þar sem hann stefnir að því að komast inn á NCAA-meistaramótið sem er sterkasta spjótkastskoppni bandarísku háskólanna. Sindri Hrafn lenti í þriðja sæti á NCAA í fyrrasumar en mótið er haldið í byrjun júní. Hann segir bakeymslin hafi haldið honum frá því að kasta síðustu vikur en meidslin séu þó ekki alvarleg og muni ekki verða honum til trafala í sumar og í haust þegar heimsmeistaramótið fer fram. Sindri Hrafn er með það sem langtímamarkmið að ná lágmarki inn á heimsmeistaramótið. Til þess þarf hann að kasta 83 metra en hann á best 80,91 metra. Hann telur raunhæft að kasta yfir 83 metra á þessu ári. „Þessi meidsli hafa verið að plaga mig og ég ákvað að taka mér hvíld til þess að vera ferskur fyrir NCAA. Ég ætti að eiga auðvelt með að



Sindri Hrafn stefnir á að bæta sig um tvo metra á árinu. NORDICPHOTOS/GETTY

kasta mig inn á það mót og mig langar mjög að gera betur þar en í fyrra. Bakmeidslin eru bólgu-myndun sem hefur gengið til baka og ég stefni á að kasta á innanskólámóti eftir tvær vikur,“ segir Sindri Hrafn í samtali við Fréttablaðið. „Þegar skólanum er lokið og eftir NCAA mun ég koma heim og æfa

undir stjórn Einars Vilhjálmssonar og taka þátt í Meistaramóti Íslands og þeim mótum sem eru heima í sumar. Þá er ég að þæla í að taka þátt í móti í Gautaborg. Á þessum mótum er ég með það að markmiði að kasta yfir 83 metra og tryggja mig inn á heimsmeistaramótið sem haldið er næsta haust,“ segir

hann enn fremur um framhaldið. „Ég á best 80,91 metra og ég tel það klárlega vel mögulegt að fara yfir 83 metrana á þessu ári. Mitt besta kast kom á síðasta ári og mér finnst ég alveg klárlega eiga nokkra metra inni. Bakið ætti ekki að koma í veg fyrir að ég nái því markmiði að keppa á heimsmeistaramótinu. Nú verð ég bara að æfa vel þegar bakið er komið í lag og halda áfram að bæta mig,“ segir Sindri um væntingar sínar fyrir það sem eftir er árs. Sindri stundar nám og æfir í Utah í Bandaríkjunum en hann á eitt ár eftir af skólanum. Hann segist ekki vera farinn að þæla í því hvað hann gerir eftir það. „Það eru finar aðstæður hér til þess að æfa og keppa þrátt fyrir að það sé snjópungt á veturna. Það er orðið hlýtt núna og aðstæður eins og best verður á kosið. Mér líður vel herna úti og ég hef bætt mig jafnt og þétt meðan á dvöl minni hefur staðið. Ég er ekki farinn að þæla í því hvað ég geri næsta vor enda nægur tími til þess að þæla í því,“ segir hann um framtíðina. hjorvarvo@frettabladid.is

Stórleikur í 32-liða úrslitunum

FÓTBOLTI Það er stórleikur strax í 32-liða úrslitum Mjólkrubikarsins þegar ríkjandi Íslandsmeistarar Vals taka á móti FH á Origo-vellinum. Dregið var í höfuðstöðvum KSÍ í gær og fara leikirnir fram í byrjun næstu viku.

Valur sem er næstsígursælasta félagið í keppninni með ellefu bikarmeistaratiðla fékk heimaleik gegn FH. Hafnfirðingar hafa tvívegis lyft bikarunum en nú ári eru liðin frá síðasta bikarmeistaratiðli þeirra.

Titilvörn ríkjandi bikarmeistaranna í Stjórnunni hefst í Vestmannaeyjum þar sem Garðbæingar mæta í seinni viðureign liða úr efstu deild ÍBV sem varð bikarmeistari fyrir tveimur árum.

Blikar, sem þurftu að horfa á eftir titlinum til Stjórnunnar á síðasta ári, fara til Grenivíkur og mæta Magna á meðan KR datt í lukkupottinn og fékk heimaleik gegn Dalvík/Reyni úr 2. deildinni. -kpt

ALVÖRU VERKÆRI OG BÍLAVÖRUR Á APRÍLTILBOÐI

GEDOREV Topplyklasett

Vandað toppplyklasett með 172 hlutum. Skröll komi í 1/2", 3/8" og 1/4" og allir helstu toppar og bitar.

Vnr. GD R46003100

Verð 18.900 kr.

Búkkar

3 tonn, 2 stk

Vnr. TJ T43001C

Tilboð 4.900 kr.
Áður 5.990 kr.

Vinnustóll

Stillanlegur

Vnr. TJ TR6208

Tilboð 8.490 kr.
Áður 9.990 kr.

Hjólatjakkur

3 tonn, 52cm

Vnr. TJ T83001

Tilboð 15.900 kr.
Áður 19.990 kr.

Þrennenstuhli Kapaltromla

9 metrar

Vandað rafmagnskefli sem dregur sig sjálf inn. Hægt að festa á vegg.

Vnr. BR 1241020300

Tilboð 7.790 kr.
Áður 10.990 kr.



RYOBI Herslulykill

1/2" 18V

Herslulykill sem skilar 400Nm fyrir erfiðustu verkefni. Bitahaldari fylgir.

Kemur með einni 1,5Ah rafhlöðu og hleðslutæki. Vnr. RB 5133003574

Tilboð 29.690 kr.
Áður 34.900 kr.

Milwaukee M18 Útvarp AM/FM

AM/FM útvarpsviðtæki með stafræna örgjörva sem skilar hæstu móttöku nákvæmni og skýrleika frá merki.

Vnr. MW 4933451250

Tilboð 27.900 kr.
Áður 34.900 kr.

LAVOR RACE 125

130 bar háþrýstidæla

Hentar mjög vel í flest þrif er kraftmikill og býður uppá gott vatnsflæði.

3 mismunandi stútar fylgja. Turbo spiss fylgir, 6m slanga. Vnr. LA 81010014

Tilboð 19.900 kr.
Áður 24.900 kr.

FLOWEY Bilasápa

Með bóni, 1 lítri

Blanda af bíla-sápu og bóni sem þrífur vel og skilur eftir sig bónhúð á bílnum. Vnr. FLOWEY 2.6

Tilboð 1.090 kr.
Áður 1.590 kr.

FLOWEY Bilasápa

pH neutral, 1 lítri

Bilasápa sem virkar sérstaklega vel fyrir háþrýstipvott. Vnr. FLOWEY 2.5

Tilboð 1.090 kr.
Áður 1.590 kr.

FLOWEY Tjöru- hreinsir

750ml

Vnr. FLOWEY W21-750

Tilboð 990 kr.
Áður 1.290 kr.

FLOWEY Massi 3 in 1

250 ml

Slípun, hágljái og vörn. Vnr. FLOWEY 3.1

Tilboð 1.790 kr.
Áður 2.290 kr.

FLOWEY Felgu- hreinsir

Sýrufrír, 500ml

Vnr. FLOWEY 1.1

Tilboð 1.269 kr.
Áður 1.690 kr.

FLOWEY Dekkja- glans

400ml

Ferskar upp á svarta litin og glansins á dekkjum Vnr. FLOWEY 4.2

Tilboð 1.369 kr.
Áður 1.790 kr.

FLOWEY Bón

Crystal Wax, 400ml

Inniheldur Polygrad™ og mikkrokristala. Vnr. FLOWEY 3.5

Tilboð 1.690 kr.
Áður 2.190 kr.

FLOWEY Mæla- borða- hreinsir

150 ml

Án sílikon. Vnr. FLOWEY 5.1

Tilboð 1.190 kr.
Áður 1.490 kr.

FLOWEY Lyktar- eyðir

150 ml

Illmar af grænu tei. Vnr. FLOWEY 8.1

Tilboð 1.190 kr.
Áður 1.590 kr.

Dry Comfort

Vettlingar

Fást í þremur stærðum. Vnr. FLOWEY 3.5

Tilboð 1.690 kr.
Áður 2.190 kr.

VERKÆRA SALAN

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1922 Hestamannafélagið Fákur er stofnað í Reykjavík.

1967 Íþróttafélagið Grótta er stofnað á Seltjarnarnesi.

1970 Fjöldi háskólastudenta sest að á göngum og í skrifstofum menntamálaráðuneytisins til að leggja áherslu á kröfur námsmanna erlendis.

1971 Hálf milljón manna mótmælir Vietnamstríðinu í Washington-borg.

1977 Vlastimil Hort setur heimsmet í fjöltefli á Seltjarnarnesi er hann teflir við 550 manns á rúmum sólarhring.



1982 Jón Páll Sigmarsson setur tvö Evrópumet í lyftingum, lyftir 362,5 kg í réttstöðu og 940 kg samtals.

1990 Austur- og Vestur-Þýskaland samþykkja að taka upp sameiginlega mynt 1. júlí.

1994 Magnús Scheving nær öðru sæti á heimsmestaramóti í þöfimi, sem haldið er í Japan.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Hilmar Hafsteinn Júlíusson

kælivélvirki,
Strandvegi 12, Garðabæ,

lést á Landspítalanum Fossvogi, miðvikudaginn 17. apríl.

Jarðarförin verður í Dómkirkjunni, þriðjudaginn 30. apríl klukkan 13.00.

Erla Sigrún Lúðvíksdóttir

Hildur Kristín Hilmarsdóttir **Sigurjón A. Guðmundsson**
Hafdis Björk Hilmarsdóttir **Friðvin Guðmundsson**
Brynjar Ágúst Hilmarsson **Sólveig Dögg Larsen**
Orri Hafsteinn Hilmarsson **Guðný Júlía Kristinsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Sigurþóra Magnúsdóttir

hjúkrunarfræðingur,

lést á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Patreksfirði þann 12. apríl síðastliðinn. Útförin fer fram á sumardaginn fyrsta þann 25. apríl kl. 14.00 í Patreksfjarðarkirkju.

Helgi Páll Pálmason og Sólveig Ásta Ísafoldardóttir
Guðný Freyja Pálmadóttir og Guðbrandur Bjarnason
Skjöldur Pálmason og María Ragnarsdóttir
Salóme Þorbjörg Guðmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Haraldur Árnason

Sjávarborg, Skagafirði,

lést laugardaginn 13. apríl. Útförin fer fram frá Sauðárkróskirkju föstudaginn 26. apríl. kl. 14.00.

Helga Haraldsdóttir
Gyða Haraldsdóttir
Edda Haraldsdóttir
Nanna Haraldsdóttir

Steingrímur Steinþórsson
Björn Hansen

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir mín,
Guðrún Þorgerður Sveinsdóttir

Kirkjuholi, Hvolsvelli,

lést á heimili sínu mánudaginn 15. apríl. Jarðsett verður frá Breiðabólstaðarkirkju í Fljótshlíð, þriðjudaginn 30. apríl kl. 13.00.

Leifur Guðmundsson og fjölskylda



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Stefán G. Ásberg

fyrirverandi bóndi,

Þoroddsstöðum, Ólafsfirði,

sem lést sunnudaginn 14. apríl á Sjúkrahúsinu á Akureyri, verður jarðsönginn frá Ólafsfjarðarkirkju föstudaginn 26. apríl klukkan 14.

Sigurbjörg Unnur Þengilsdóttir
Steinunn Stefánsdóttir **Sigurður I. Bjarnason**
Ólöf K. Stefánsdóttir **Páll H. Árdal**
Þengill S. Stefánsson **Hrönn Friðfinnsdóttir**
Tryggvi M. Stefánsson
Marta Stefánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Ingunn Hlín Björgvinsdóttir

Safamýri 46, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 18. apríl á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útför fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 30. apríl klukkan 13.00.

Björgvin S. Friðriksson **Adda Björk Jónsdóttir**
Friðrik M. Friðriksson **Gunnrún Gunnarsdóttir**
Guðný Hlín Friðriksdóttir **Karl Ómar Guðbjörnsson**
Friðgerður M. Friðriksdóttir **Ófeigur Guðmundsson**
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Helga Bjarnadóttir

frá Faskrúðsfirði,

lést á heimili sínu Sunnuhlíð í Kópavogi þann 13. apríl síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 26. apríl klukkan 11.00.

Hallgrímur Bergsson **Ásta Mikkaelsdóttir**
Bjarni S. Bergsson **Fjóla Hreinsdóttir**
Salóme Bergsdóttir
Bergur Bergsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Ingibjörg Þorbergsdóttir

Gullsmára 11, Kópavogi,

lést þriðjudaginn 16. apríl síðastliðinn á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, Kópavogi.

Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 26. apríl og hefst athöfnin kl. 15.00.

Guðjón Atli Auðunsson **Guðbjörg Jörunn Sigurjónsdóttir**
Haraldur Auðunsson **Sigurbjörg Arndís Guttormsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



Við þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför dóttur okkar, systur, mágkonu og föðursystur,
Bjargar Aradóttir

rafmagnsverkfræðings og tölvunarfræðings,

sem andaðist 5. apríl síðastliðinn. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á krabbameinsdeildum Landspítalans og öðrum sem veittu umönnun og þjónustu í veikindum hennar.

Diana Þ. Kristjánsdóttir **Ari G. Þórðarson**
Þórður Arason **Elinborg G. Sigurjónsdóttir**
Kristján M. Arason **Andrea J. Mohr-Arason**
Ari, Sigurjón, Bjarni, Benjamin, Elías og Helgi



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Kjartan Gíslason

Grandavegi 47,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 16. apríl. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni 2. maí kl. 13.00.

Ólöf S. Jónsdóttir
Erna Guðriður Kjartansdóttir **Þorbjörn Geir Ólafsson**
Ingibjörg Rós Kjartansdóttir **Björgvin Freyr Vilhjálmsson**
Jón Ólafur Kjartansson **Anna Kristín Vilbergsdóttir**
barnabörn.



Okkar ástkæra dóttir og systir,
Hekla Lind Jónsdóttir

lést á gjörgæsludeild Landspítala í Fossvogi þann 9. apríl sl. Elskum þig engillinn okkar.

Jón Ingi Gunnarsson
Guðrún Haraldsdóttir
Gunnar Aron Jónsson



Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,
Ingibjörg Gísladóttir

heilbrigðisritari,

andaðist á Sjúkrahúsinu á Selfossi 15. apríl. Útförin fer fram frá Viðistaðakirkju föstudaginn 3. maí kl. 15.00.

Kristján Guðmannsson
Erla Guðnadóttir Bender **Bjarni Bender**
Guðmann Kristjánsson **Hildur D. Guðmundsdóttir**
Jens Kristjánsson **Sólrún Hannesdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,
Sigríður Birna Sigurðardóttir

Fróðengi 3, áður Vesturbergi 66,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 19. apríl. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 29. apríl kl. 13.00.

Jóhann Vilbergsson
Anna K. Jóhannsdóttir **Bryndis J. Jóhannesdóttir**
Kristján S. Jóhannsson **Pétur Arnþórsson**
Rósa V. Jóhannsdóttir **Sæbjörn Guðmundsson**
Auður E. Jóhannsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,
Sigrún Óskarsdóttir

lést á Hrafnistu í Reykjavík 16. apríl. Jarðarför verður auglýst síðar.

Ágúst Óskar Sigurðsson **Anna María Úlfarsdóttir**
Anna Þórdís Sigurðardóttir **Rainer Lischetzki**
Edda Björk Sigurðardóttir **Jón Ármann Guðjónsson**
og barnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.

SUPER1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA



SUPER1 ER HEIMILI REMA 1000

EIN STÆRSTA MATVÖRUVERSLUNARKEDJA NORÐURLANDA

REMA1000 framleiðir gæðavörur á góðu verði, í sátt og samlyndi við umhverfið. Lögð er áhersla á lífrænar vörur og að vörur standist staðla Skráargatsins, Svansmerkisins og séu án ofnæmisvalda.



DANSKIR DAGAR ALLA DAGA

fløde boller - flæskesvær - kakao pulver - brændende kærlighed - frikadeller



KJÖTBOLLUR
869 kr.
480g



MINNI
BAGUETTE
264 kr.
750g



MORGUN
BRAUÐ
266 kr.
600g



LITLAR
KJÖTBOLLUR
906 kr.
450g



RÚNSTYKKI
305 kr.
600g

DANSKIR DAGAR ALLA DAGA

flöde boller - flæskesvær - kakao pulver - brændende kærlighed - frikadeller



SÓLBÆRJA
PYKKNI
169 kr.
1L



JARÐABÆRJA
PYKKNI
169 kr.
1L



SÍTRÓNU
PYKKNI
169 kr.
1L



YLLIBLÓMA
PYKKNI
169 kr.
1L



PURU
SNAKK
210 kr.
50g



RAUÐKÁL
214kr.
1060g



SÚRAR
GÚRKUR
225 kr.
320g



ASIUR
249 kr.
420g



RAUÐ
BÆÐUR
249 kr.
720g



SÚKKULAFI
PLÖTUR
226 kr.
120g

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 24. apríl 2019

16. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



ROLEX
OYSTER PERPETUAL
DATEJUST 41

MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

Skuldbreytti 550 milljóna yfirdráttarláni WOW

Fimm milljóna dala yfirdráttarlán WOW air hjá Arion banka var gert upp og bankinn eignaðist í staðinn skuldabréf á félagið. Þrotabú flugfélagsins hefur ráðið til sín Deloitte og kannar hvort tilfni sé til að rifta þeirri ráðstöfun. Skuldabréfaeigendur vilja láta reyna á ábyrgðartryggingar stjórnenda WOW. » 2

1.600

milljónum námu heildarskuldir WOW við Arion.

» Minna en helmingur þeirrar fjárhæðar sem fékkst í skuldabréfaútboði WOW var í reynd nýtt fjármagn.



Þorsteinn Baldvinsson, forstjóri Samherja. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kæru Samherja vísað frá

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur vísað frá kæru Samherja á hendur Seðlabanka Íslands um að bankinn afhendi útgerðarfélaginu ýmis gögn um rannsókn hans á málafnum félagsins. Kæran fellur utan gildissviðs upplýsingalaga, að mati nefndarinnar, sem bendir á að um aðgang Samherja að umræddum gögnum fari eftir stjórnsýslulögum.

Samherji kærði í nóvember tafir Seðlabankans á meðferð beiðni útgerðarinnar um að fá aðgang að gögnum um rannsókn bankans en í kærinni tók lögmaður Samherja fram að miklu máli skipti hvernig staðið hefði verið að rannsókninni. Samherji hefði til að mynda ítrekað óskað eftir því að fá afhenta útreikninga á útflutningsverði karfa, sem voru lagðir til grundvallar húsleit og kærum Seðlabankans til sérstaks saksóknara, en bankinn hefði ýmist látið hjá líða að svara félaginu eða sent því önnur gögn.

Seðlabankinn benti hins vegar á að umbeðnar upplýsingar vörðuðu stjórnsýslumál og upplýsingalögin giltu því ekki um aðgang að þeim. Undir það tók úrskurðarnefndin og vísaði kærinni frá. - kj

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind, 5288500

Optical Studio í Keflavík, 4213811

Optical Studio í Leifstöð, 4250500

Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK

Kaupir í Högum fyrir nærri 900 milljónir

Lífeyrissjóður verslunarmanna hefur bætt við sig í Högum með kaupum á 1,65 prósentu hlut í smásölurisanum, að virði um 860 milljónir króna, samkvæmt nýlegum lista yfir stærstu hluthafa hans. Þá hefur Stapi lífeyrissjóður keypt tæplega 0,5 prósentu hlut í félaginu en Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og hlutabréfasjóður í stýringu Stefnis, auk 365 miðla, hafa á sama tíma minnkað umtalsvert við sig.

Lífeyrissjóður verslunarmanna, sem er næststærsti lífeyrissjóður landsins, fór um miðjan aprilmánuð með 9,95 prósentu hlut í Högum, að virði um 5,2 milljarðar króna miðað við núverandi hlutabréfaferð félagsins, en til samanburðar nam eignarhlutur sjóðsins 8,3 prósentum í lok síðasta mánaðar.

Er sjóðurinn þannig orðinn þriðji stærsti hluthafi í Högum á eftir Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Gildi – lífeyrissjóði en fyrrnefndi sjóðurinn seldi fyrir í mánuðinum 0,8 prósentu hlut í smásölufélaginu. Er eignarhlutur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins nú tæplega 13,2 prósent.

Stærsti hlutabréfasjóður landsins, Stefni – ÍS 15, hefur jafnframt

7%

er lækkan á hlutabréfaferð Huga frá áramótum.

minnkað hlut sinn í Högum um samtals 0,9 prósent á undanföllum vikum.

365 miðlar, sem er að mestu í eigu Ingibjargar Stefaniú Pálmadóttur, minnkuðu sem kunnugt er við sig í smásölurisanum fyrir í mánuðinum samhliða því að félagið fjárfesti í Skeljungu. Félagið átti rúmlega fjögurra prósentu hlut í Högum, meðal annars í gegnum framvirka samninga, í byrjun ársins.

Haft var eftir Jóni Skaftasyni, framkvæmdastjóra fjárfestinga hjá 365 miðlum, á vef Fréttablaðsins fyrir í mánuðinum að félagið væri enn á meðal stærstu einkafjárfestanna í Högum. Mikil tækifæri væru almennt til hagræðingar á smásölumarkaðinum.

Gengi hlutabréfa í Högum, sem reka meðal annars verslanir Bónuss og Hagkaupa, hefur lækkað um ríflega sjö prósent það sem af er ári. – kj

Ingi Jóhann og Anna í stjórn Loftleiða Cabo Verde

Systkinin Anna og Ingi Jóhann Guðmundsbörn, stærstu eigendur útgerðarfélagins Gjögurs, hafa tekið sæti í stjórn félags sem keypti fyrir á árinu 51 prósentu hlut í ríkisflugfélaginu Cabo Verde Airlines á Grænhöfðaeyjum.

Um leið hafa þeir Baldvin Þorsteinsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar Samherja og stjórnarformaður Eimskips, og Steingrímur Halldór Pétursson, fjárfestir og framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Olis, gengið úr stjórn félagsins sem ber heitið Loftleiðir Cabo Verde.

Björgólfur Jóhannsson, fyrrverandi forstjóri Icelandair Group, leiðir fjárfestahópinn sem tekur þátt, ásamt Loftleiðum Icelandic, dótturfélagi flugfélagsins, í kaupunum. Björgólfur þekkir vel til systkinanna en hann situr í stjórn Gjögurs með

175

milljónir greiddur Loftleiðir Cabo Verde fyrir 51 prósentu hlut Cabo Verde Airlines.

Önnu og þá eru þeir Ingi Jóhann jafnframt stjórnarmenn í Sjóvá.

Stjórnvöld á Grænhöfðaeyjum samþykktu í lok febrúar kauptilboð Loftleiða Cabo Verde sem hljóðaði upp á jafnvirði 175 milljóna króna en til viðbótar hyggst félagið leggja ríkisflugfélaginu til um 730 milljónir.

Loftleiðir Icelandic fara með 70 prósentu hlut í Loftleiðum Cabo Verde og fjárfestahópurinn 30 prósentu hlut. – kj

Skoða riftun á um 550 milljóna greiðslu

Fimm milljóna dala yfirdráttarlán WOW var gert upp og Arion eignaðist skuldabréf á félagið. Þrotabúið kannar hvort tilefni sé til að rifta þeirri ráðstöfun. Skuldabréfaeigendur vilja láta reyna á ábyrgðartryggingar stjórnenda.

Yfirdráttarlán sem WOW air var með hjá Arion banka að fjárhæð um fimm milljónir Bandaríkjadala var gert upp í fyrra og þess í stað eignaðist bankinn skuldabréf að sömu fjárhæð á flugfélagið í skuldabréfaútboði þess sem lauk síðastliðið haust.

Samkvæmt heimildum Markaðarins eru skiptastjórar þrotabúi WOW air með það til skoðunar hvort tilefni sé til að rifta þeirri ráðstöfun en Arion banki og WOW air höfðu gert með sér samkomulag í aðdraganda skuldabréfaútboðsins um að umræddir fjármunir, jafnvirði um 550 milljóna króna á þáverandi gengi, sem bankinn fjárfesti fyrir í útboðinu færu í að greiða upp yfirdráttarlán félagsins hjá bankanum.

Ráðgjafarfirmar Deloitte var nýlega fengið til að vera þrotabúinu til aðstoðar, samkvæmt heimildum Markaðarins, meðal annars til að leggja mat á hvort grundvöllur sé fyrir því að rifta þeim greiðslum sem fóru til Arion banka í tengslum við þátttöku hans í skuldabréfaútboðinu. Engin ákvörðun þess efnis hefur hins vegar enn verið tekin.

Arion banki lagði félaginu því ekki til neitt nýtt fjármagn í útboðinu heldur var í reynd að ræða um skuldbreytingu sem nam nærri tíu prósentum af heildarstærð skuldabréfaútgáfu flugfélagsins. Talið er að minna en helmingur þeirrar fjárhæðar sem safnaðist í 50 milljóna evra skuldabréfaútboði WOW air í september á síðasta ári hafi verið nýir fjármunir sem fengust frá fjárfestum til að bæta afar bágborna lausafjárstöðu félagsins.

Verulegrar óánægju gætir á meðal margra stórra fjárfesta sem raunverulega lögðu WOW air til nýtt fjármagn í útboðinu, meðal annars bandaríski fjárfestingarsjóðurinn Eaton Vance og íslenska fjármálaframtækiaðili GAMMA Capital Management, enda hefðu þeir að líkindum ekki gert það ef fyrir hefði legið að stærstur hluti fjárhæðarinnar sem þar safnaðist hafi aðeins verið umbreyting á kröfum í skuldabréf. Engar slíkar upplýsingar hafi verið veittar í fjárfestakynningum né þegar greint var frá niðurstöðum útboðsins.



Skuldbreyting Arion banka nam nærri 10 prósentum af heildarstærð skuldabréfaútgáfu WOW air síðasta haust. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

1.600

milljónir var heildarskuldbinding WOW air við Arion banka í lok febrúar.

Norska verðbréfafyrirtækið Pareto Securities hafði umsjón með útboðinu ásamt Arctic Finance. Ólíklegt er talið að nokkuð muni greiðast út úr þrotabúi WOW air upp í kröfur þeirra sem tóku þátt í skuldabréfaútboðinu, sem og annarra almennra kröfuhafa félagsins.

Samkvæmt heimildum Markaðarins vilja skuldabréfaeigendur láta reyna á ábyrgðartryggingar stjórnenda WOW air, vegna mögulegrar persónulegrar skaðabótaskyldu sem þeir kunni að hafa bakað að sér, á grundvelli þess að þeir hafi ekki fengið fullnægjandi upplýsingar um fjárhagsstöðu félagsins og eins framkvæmd skuldabréfaútboðsins. Þannig hefur fulltrúi skulda-

bréfaeigenda óskað eftir því að skiptastjórar WOW air veiti þeim upplýsingar um skilmála ábyrgðartrygginga stjórnenda flugfélagsins. Við þeirri beiðni hefur þrotabúið ekki enn getað orðið þar sem erlent tryggingafélag, sem WOW air hafði keypt stjórnendatryggingar af, hefur lagst gegn því að afhenda þau gögn sem óskað er eftir.

WOW air skuldaði samtals rúmlega 20 milljarða króna í lok febrúar, einum mánuði áður en félagið var tekið til gjaldþrotaskipta, en stærstu kröfuhafar félagsins eru flugvélaleigurnar Air Lease Corporation og Avolon, Isavia og Arion banki.

Arion banki, sem var viðskiptabanki WOW air, hefur ekki viljað veita upplýsingar um það hve mikið bankinn hefur fært niður af skuldum flugfélagsins við hann. Heildarskuldbinding félagsins við bankann nam um 1,6 milljörðum. Í fjárfestakynningu vegna uppjörs Arion banka fyrir fjórða fjórðung síðasta árs var tekið fram að skuldabréf tengd flugfélögum hefðu verið færð niður um 360 milljónir króna á fjórðungnum. hordur@frettabladid.is

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFELAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hördur Egiðsson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

Sterkt og gott samband

Eitt símtal og málið er leyst

Vodafone sinnir tæknilegum þörfum okkar hratt og örugglega

Nánar á vodafone.is/fyrirtaeki

Framtíðin er spennandi.

Ertu til?

vodafone fyrirtæki

FÖNN

KOLLAGEN

MIDVIKUDAGUR 24. APRÍL 2019

Heimili



Við Austurgötuna skemmtilegu í Hafnarfirði stendur þetta krúttlega hús sem kemur brosi á hvern þann sem gengur þar fram hjá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

100% HREINT
KOLLAGEN
FYRIR ANDLITIÐ



Fæst í apótekum, Heilsuhúsinu
og www.heilsanheim.is

Ævintýrahús í Hafnarfirði

Eitt þekktasta húsið í Hafnarfirði, Austurgata 31, er nú til sölu. Ásýnd hússins þekkja flestir Hafnfirðingar en garðurinn er þekktur um land allt. ➔2

Benedikt Bóas
Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is



Framhald af forsiðu →

Dagbjartur Willardsson, fasteignasali hjá Fasteignasölu Reykjavíkur, segir að húsið sjálf sé byggt árið 1892 og viðbygging árið 1997. Fyrirverandi eigandi hafi nostrað við húsið og sérstaklega við garðinn þar sem eru nokkur útihús í sama stíl og húsið.

Grjóthleðslurnar vekja sérstaka eftirtekt en þær voru hlaðnar upp af fyrri eiganda sem sótti grjótið á kerru og bar hvern einasta stein inn í garð og hlóð úr þeim.

Þar er lítil tjörn og enn fremur hús sem er byggt yfir heitan pott og hænsnahús.

„Þetta er ævintýraveröld í Hafnarfirði og fyrirverandi eigandi, sem nú er fallinn frá, var búinn að dunda sér vel í garðinum.“

Hvert einasta smáatriði skiptir máli og er garðurinn einn stór ævintýraheimur fyrir unga sem aldna. Um jólin þótti garðurinn bæjarprýði – svo fallegur var hann.

„Þetta er ekkert ofboðslega stórt, ekki svo margir fermetrar en þetta er mjög skemmtilegt hús að vera með í sölu. Gefur starfinu gildi að fá svona inn á borð til sín,“ segir Dagbjartur sem á ekki von á að húsið staldri lengi við á sölu.

Hann segir að húsið sé byggt úr timbri og klætt með bårufjárn. Inn af forstofunni er eldhús og er hleri á gólfinu þar sem gengið er niður í þvottahús. Yfir eldhúsi er svo kósi svefnloft. Lítil stofa er inn af eldhúsinu og svo gangur sem liggur að álmu þar sem svefnherbergin og badherbergið eru.

Dagbjartur bendir á að eignin sé hluti af dánarbúi og að seljandi hafi ekki búið í húsinu og þekki ekki ástand þess um fram það sem kemur fram í opinberum gögnum. Væntanlegir kaupendur eru því hvattir til að skoða eignina vel.



Það er lítið um tilviljanir í garðinum við Austurgötu 31. Hús og annað í stíl.



Stíllinn heldur sér meira að segja langt út á götu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Húsið er byggt árið 1892 og hét þá Hagakot en viðbyggingin kom árið 1997.



Haninn hefur trúlega séð nokkuð marga morgna á þessum fallega stað sem hann stendur á.



Á lóð hússins eru hraungrýtisveggir sem fyrri eigandi hlóð úr grjóti sem hann flutti heim á kerru. Í garðinum er tjörn og yfirbyggður heitur pottur.



Hlíðið sem svo marga hefur dreymt um að kíkja inn fyrir og skoða.



Dagbjartur segir að mikil natni hafi verið lögð í allt húsið og lóðina.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:

Torg ehf

Ábyrgðarmaður:

Kristín Þorsteinsdóttir

Umsjónarmenn efnis: Benedikt Bóas Hinriksson benediktboas@frettabladid.is s. 550 5725 | Sólveig

Gísladóttir, solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761

| Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@

frettabladid.is s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli

Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, joniwar@

frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is,

s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

LANDSBYGGÐIRNAR

Föstudaginn 10. maí gefur Fréttablaðið út sérblaðið Landsbyggðirnar.

Í þessu skemmtilega blaði er fjallað um byggðir landsins utan höfuðborgarsvæðisins. Fjallað er um t.d. byggðapróun, búsetukosti, atvinnutækifæri, menntamöguleika og ferðapjónustu á landsbyggðinni.

Trygguðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Jóhann Waage sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5656 / johannwaage@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

LEGSTEINAR

Í MIKLU ÚRVALI



GRANÍT
STEINAR

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Suzuki mótörhjól. Komdu og kattu við í sýningarsal Suzuki. Ymislegt spennandi til, sjón er sögu ríkar.

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is

Bílar til sölu



VW Passat 2.0 Highline 2005, ek. 105.000 (20.000 á vél), Viðgerðar- og smurbók. Uppl. í s. 6942544

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Garðyrkja

Felli tré og grysja og klippi runna. Ódýr þjónusta. Halldór garðyrkjum. s:698 1215

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Hreingerningar

Hreingerningabjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VEY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com


Keypt & Selt

Til sölu



Humar, Ferskur Lax, Rísarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN.IS S. 867 6677

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Heimilið

Barnavörur



VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA

Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hliðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

4 herbergja íbúð til leigu í Stórholti Reykjavík. Uppl. í s. 899 3749/ 895 8698

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLURTILLEIGU.IS

SÍMI: 414-3000

Gerðu verðsamanburð !

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

- TRAILER BÍLSTJÓRA ÓSKAST -

Sílfri ehf óskar eftir vönum trailer bílstjóra

Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is



Kerrurnar frábæru frá Humbaaur eru til á lager!

Öllum 750kg kerrum fylgir nefhjól, lás og strappar.



Startrailer 1280

750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm. Verð: 120.888 kr. án vsk.



Gerð 1376

Opnanleg að framan. 750 kg. Mál: 205x131x35 cm. Verð: 169.355 kr. án vsk.



Gerð 1374

Opnanleg að framan. 750 kg. Mál: 251x131x35 cm. Verð: 201.612 kr. án vsk.



Gerð 1384

Sturtanleg. 750 kg. Mál: 251x131x35 cm. Verð: 229.839 kr. án vsk.



Gerð 1339

Opnanleg að framan. 1300 kg. Mál: 303x150x35 cm. Verð: 350.807 kr. án vsk., en með skráningu.



Gerð 2331

Opnanleg að framan. 2500 kg. Mál: 303x150x35 cm. Verð: 431.452 kr. án vsk., en með skráningu.



www.Topplausnir.is - Sí: 5177718

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi. Veitum upplýsingar í síma: 517 7718. Heimasíða: www.topplausnir.is

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is

Hækkarnir leggjast þungt á framleiðslu

Framleiðslugeirinn hefur lítið svigrúm til launahækkana og þurfa því mörg fyrirtæki að grípa til mótvægisáðgerða. Geirinn bar mikið af kostnaðinum sem hlaut af síðustu samningum.

Launahækkarnir sem kveðið er á um í nýjum kjarasamningum koma þungt niður á framleiðslufyrirtækjum. Þær geta því kallað á verðhækkarnir eða hagræðingaraðgerðir að sögn Guðrúnar Hafsteinsdóttur, formanns stjórnar Samtaka iðnaðarins og markaðs- stjóra Kjöriss.

„Það er ekkert launungarmál að kjarasamningarnir koma mjög misjafnlega niður á fyrirtækjum og þessar hækkarnir lenda þungt á framleiðslugeiranum,“ segir Guðrún í samtali við Markaðinn.


ÍSAM, sem á meðal annars Mylluna, Ora, Frón og Kexsmíðjuna, boðaði í síðustu viku hækkun á öllum vöruflokkum verði nýir kjarasamningar samþykktir. Önnur fyrirtæki á borð við Gæðabakstur hafa einnig ákveðið að hækka verð. Guðrún nefnir að framleiðslufyrirtæki hafi borið mikið af þeim kostnaði sem hlaut af gerð síðustu kjarasamninga árið 2015.

„Þá héldu fyrirtæki í sér og voru orðin aðþrengd seinni part 2017

og á síðasta ári. Þegar við töluðum um að það væri ekki svigrúm þá vorum við að tala út frá þessum geirum. Launahækkarnir geta því miður kallað á hækkun á vöruverði eða hagræðingaraðgerðir, sem við vitum öll hvað þýðir en viljum helst forðast. Við erum því miður búin að sjá á síðustu vikum að mörg fyrirtæki eru að hagræða hjá sér,“ segir Guðrún en bætir við að hún telji að samningarnir séu jákvæðir þegar heildarsamhengið er skoðað.

„Þarna eru atriði eins og stytting vinnutíma og fleira sem fyrirtæki geta notað til mótvægis við beinar launahækkarnir. Þetta eru flóknir samningar og það er verkefni atvinnurekenda að notfæra sér þá til hins ýtrasta,“ segir Guðrún og bætir við: „Markmið samningsins um lægri vexti munu skila heimilum og fyrirtækjum miklum ávinningi ef það gengur eftir.“ Þá hafi verið gríðarlega mikilvægt að ná fjögurra ára samningi til að skapa frið á vinnumarkaði þannig að fyrirtæki í landinu geti skipulagt fram í tímann. „Við sáum að fasteignasala var botnfrosin, sem og bílasala, og einkaneysla dróst saman. Það héldu allir að sér höndum, bæði einstaklingar og fyrirtæki.“

Þá verður fyrsti stjórnarfundur Samtaka iðnaðarins eftir gerð kjarasamninga haldinn í dag. „Ég geri fastlega ráð fyrir því að þetta muni verða rétt á breiðum grunni á fundinum,“ segir Guðrún. Spurð hvernig félagsmenn samtakanna hafi tekið í kjarasamningana segir hún að margir séu sáttir en eðli-



Launastig á Íslandi hefur áhrif á samkeppnishæfni framleiðslufyrirtækja hérlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Guðrún Hafsteinsdóttir.

lega séu skiptar skoðanir. „Aðalatriðið er að það tókst að semja, samningurinn er til langs tíma, með því er óvissu ýtt til hliðar og hægt að skipuleggja fram í tímann. Fyrirtæki munu bregðast við, hvert á sinn hátt en allar forsendur eru til staðar um að láta markmið samningsins um stöðugleika standa.“

Forysta verkalýðshreyfingarinnar hefur gagnrýnt boðaðar verðhækkarnir harðlega. Drífa Snædal, forseti Alþýðusambands Íslands (ASÍ), sagði sambandið íhuga það hvort hvetji ætti félagsmenn til að sniðganga fyrirtæki sem boða verðhækkarnir á vörum vegna kjarasamninga. Þá sagði hún að verðlagseftirlit ASÍ yrði eftt til muna eftir kjarasamninga.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, sagði ljóst að yfirlýsingar um verðhækkarnir væru ekki til þess fallnar að vekja bjartsyni um að kjarasamningar héldu þegar kemur

að forsenduákvæðum um að vextir lækki og að kaupmáttur launa verði tryggður.

Atkvæðagreiðsla á meðal aðildarfyrirtækja Samtaka atvinnulífsins um lýkur í dag. Kjarasamningurinn felur í sér sérstaka áherslu á kjarabætur til tekjulágs launafólks þar sem launahækkarnir samningsins eru allar í formi krónutöluhækkana á kaupaxta og föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu. Launahækkarnir til þeirra sem starfa á töxtum nema 90 þúsund krónum á samnings- tímanum.

thorsteinn@frettabladid.is



ESA borgar sig



Björn Berg Gunnarsson
fræðslustjóri
Íslandsbanka

Menntamálaráðherra lýsti á dögunum áhyggjum sínum af spekileka frá landinu. Það er gott að hið opinbera gefi málefnum gaum en vegna smæðar samfélagsins og takmarkaðra tækifæra ætti ekki að koma á óvart að sprenglært fólk kjósi af og til að freista gæfunnar utan landsteinanna.

Í ljósi þessa mætti hvetja til þess að kraftur verði lagður í aðildarferli Íslands að Geimvísindastofnun Evrópu (ESA). Það er auðvelt að afskrifa og gera grín að draumórum um íslenska geimferðaáætlan en málið snýst um allt annað og meira. Á verkswiði stofnunarinnar er margvísleg starfsemi, allt frá hugbúnaðarþróun að jarðfræði og veðurrannsóknnum. Hver aðildarþjóð stýrir sinni þátttöku að umtalsverðu leyti og leitast þannig við að nýta krafta síns fólks sem best.

Fjárframlag hvers lands byggir á landsframleiðslu þess og umfangi þátttöku. Evrópusambandsþjóðir, auk Noregs, Sviss og Kanada, eru aðilar að stofnuninni en ESB leggur auk þess til tæpan fjórðung fjár-

Vegna smæðar samfélagsins og takmarkaðra tækifæra ætti ekki að koma á óvart að sprenglært fólk kjósi af og til að freista gæfunnar utan landsteinanna

framlaga. Að lágmarki er andvirði greiðslna til ESA svo látið renna til baka til aðildarþjóðar í formi verkefna sem leyst eru þar í landi. Framlöggin eru því í raun ekki greidd úr landi heldur nýttast að fullu í vísindastarf heima fyrir auk þess sem allir njóta góðs af viðamiklu samstarfi á sviði stofnunarinnar. Ef þátttaka okkar Íslendinga væri hlutfallslega svipuð og þátttaka hinna Norðurlandþjóðanna að jafnaði næmu árleg fjárframlög okkar um 390 milljónum króna. Í svari utanríkisráðherra við fyrirspurn varðandi stöðu mála fyrir nokkru kom þó fram að framlagið gæti orðið umtalsvert minna, en umsóknarferlið sjálft gæti þó tekið „um eða yfir áratug“. Það teldi ég góða fjárfestingu en of langan tíma.

Fjöldi Íslendinga starfar nú í útlöndum við verkefni sem hægt væri að bjóða upp á hér á landi ef Ísland gerðist aðili að ESA. Aðildin væri mikilvægur tappi í spekilekann sem menntamálaráðherra ræddi, væri lyftistöng fyrir raungreinanám og byði íslensku vísindafólki fleiri og áhugaverðari atvinnutækifæri.

14. SEPTEMBER Í ELDBORG HÖRPU

DÍVUR

KVÖLDTÓNLEIKAR:
ÖRFÁIR MIÐAR EFTIR
DAGTÓNLEIKAR:
FÁIR MIÐAR EFTIR

SVALA & JÓHANNA GUÐRÚN

DÍSELLA · FRÍÐRIK ÓMAR · KATRÍN HALLDÓRA
RAGGA GRÖNDAL · SIGGA BEINTEINS

light taste · Coca-Cola · SENNA LIVE! · ICELANDAIR

senalive.is/divur

Stjórnar- maðurinn



Fullnaðarsigur

Enska úrvalsdeildin í núverandi mynd var sett á laggirnar 1992. Deildin varð til kringum uppreisn forráðamanna stærstu liðanna á Englandi, sem vildu stærri hluta kókunnar í eigin vasa. Tuttugu og fjórir stærstu klúbbarirnir klufu sig því frá hinum og settu upp sína eigin deild. Framhaldið þekktja flestir en Enska úrvalsdeildin er í dag vinsælasta og ríkasta íþróttakeppni heims, þótt liðin séu nú fjórum færr en upprunalega.

Hvatinn að ensku deildinni hefur því frá upphafi verið fjárhagslegur, og aldrei verið farið í grafgötur með það. Hornsteinninn að því er að sjálfsögðu sjónvarpsrétturinn. Rupert Murdoch og Sky lögðu á sínum tíma allt í sólurnar til að tryggja sér réttinn, kynntu herlegheitin á nýstárlegan hátt og uppskárú eftir því. Murdoch sagði síðar að Enska úrvalsdeildin væri það eina sem gæti tryggt sölu á sjónvarpsáskriftum. Með auknum sjónvarpstekjum og frjálsum flæði vinnuafis fylgdu síðar erlendir leikmenn. Enskir urðu brátt í minnihluta. Gæðin jukust í samræmi við það. Þjóðernið skipti ekki lengur máli. Aðeins knattspyrnulegir hæfileikar. Enska deildin varð að margra mati sú besta í heimi. Peningarnir töluðu. Bestu leikmennirnir spila með þeim sem best borga.

Hin hliðin á þeim peningi er þó sú að aðdáendurnir fjarlægjast óhjákvæmilega liðin þegar leikmennirnir koma ekki lengur úr nærumhverfinu, og eiga jafnvel bágt með að tjá sig á tungumáli heimamanna. Næsta alda í þessari bylgju var þegar liðin sjálf fóru að ganga kaupum og sölum. Kannski hófst það þegar Glazer fjölskyldan keypti Manchester United, en sá klúbbur er þó enn þann dag í dag sjálfum sér nægur þegar kemur að tekjum og gjöldum. Stærsta byltingin var þó þegar Roman Abramovich keypti Chelsea og fór að kaupa leikmenn sem áður hefðu varla litið við liði á borð það bláa. Við kaup oliufurstanna frá Abu Dhabi á Manchester City var skrefið loks stigið til fulls. Holdgervingur miðjumóds og vonbrigða varð að evrópsku stórveldi á augabragði. Keypti bestu leikmennina og fékk eftirsóttasta þjálfarann.

Peningarnir höfðu unnið fullnaðarsigur. Auðvitað er enska knattspyrnan stórkostlegt sjónvarpsfni. En hvað gerist ef áhangendurnir missa ástriðuna? Er hægt að viðhalda henni þegar auðkýfingar ráða nánast algerlega fôr, og leikmennirnir eru nánast aldrei úr nærumhverfinu? Á það er ekki komin reynsla. Stundum er sagt að margur verði af aurum api. Vonandi á það ekki við um íþróttina fallettu.

Marel efnir til fjárfestadags í Hollandi

Marel efnir til fjárfestadags í Boxmeer í Hollandi hinn 2. maí en þar er fyrirtækið með starfsemi og sýningarsal. Stefnt er að því að skrá hlutabréf félagsins í Euronext-kauphöllina í Amsterdam í Hollandi samhliða skráningu á Íslandi. Lykilstjórnendur, þar á meðal Árni Oddur Þórðarson forstjóri og Linda Jónsdóttir fjármálastjóri, munu flytja erindi um vöxt Marels frá sprota í leiðtoga á heimsmarkaði, fara yfir hvernig horfur eru



Árni Oddur Þórðarson.

á mörkuðum, fjármál Marels, viðskiptamódelið og stefnu fyrirtækisins. Enn fremur munu stjórnendur flytja erindi sem lúta að virðisþæðunni og því að veita þjónustu á heimsmarkaði, tækniþróun í matvælaframleiðslu og nýsköpun í samstarfi við aðra og með Innova-tækni. Marel hélt sinn fyrsta fjárfestadag erlendis í nóvember árið 2017 í Danmörku en fyrirtækið rekur sýningarsal í Kaupmannahöfn.

17.04.2019

Áður útskrifaðist fólk úr skóla og fór beint að vinna, en nú fara allir í sex mánaða heimsreiðu. Þetta er ákveðinn flótti frá því að taka þátt í samfélaginu.

Þórólfur Gíslason kaupfélagsstjóri



Verðmæti

Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.



PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvalsóllur | Vestmannaeyjar



DANSKIR DAGAR ALLA DAGA

flöde boller - flæskesvær - kakao pulver - brændende kærlighed - frikadeller





KALLY
HEILSUKODDINN
9.900

**KALLY HEILSUKODDINN ER BYLTINGARKENND
NÁLGUN Í SVEFNLAUSNUM.**

KODDINN ER BÚINN TIL ÚR BÓMULL Í HÆSTA GÆDAFLOKKI.
HANN TRYGGIR AÐ ÞÚ UPPLIFIR GÓÐAN DJÚPSVEFN OG
ÞAÐ ÞARF VARLA AÐ TAKA FRAM HVERSU MIKILVÆGUR HANN ER!

GRILLIÐ ER KOMIÐ AÐ KVEÐA BURT SNJÓINN

Austin and Barbeque - Gæða grill með fjölda eiginleika

6+1 BRENNARA
GASGRILL
59.999



4+1 BRENNARA
GASGRILL
45.999



3 BRENNARA
GASGRILL
31.999



FERÐA
GASGRILL
10.999



GRILLIN FÁST Í VERSLUNUM SUPER1 Í FAXAFENI OG SMÍÐJUVEGI. GRILLIN SELJAST ÓSAMSETT Í KASSA.



SUPER 1
HALLVEIGARSTÍG 1
OPIÐ 10 - 22



SUPER 1
FAXAFENI 14
OPIÐ 10 - 22




SUPER 1
SMÍÐJUVEGI 2
OPIÐ 10 - 22

HALLVEIGARSTÍG 1 - FAXAFENI 14 - SMÍÐJUVEGI 2

Þú finnur
draumastarfið á
Job.is



Iðnaðarmenn



Heilbrigðisþjónusta



Veitingastaðir



Kennsla



GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU

Job.is



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Seljahlíð, heimili aldraðra.

Aðstaða fyrir hárgreiðslumeistara

Seljahlíð er með aðstöðu til leigu fyrir hárgreiðslumeistara í húsnæði Seljahlíðar, Hjallaseli 55, 109 Reykjavík.

Áhugasamir skulu senda inn ferilskrá fyrir **3. maí 2019**, aðstaðan er tilbúin til leigu frá 1. júní 2019, eða fyrr eftir nánara samkomulagi.

Nánari upplýsingar veitir
Margrét Árdís Ósvaldsdóttir, forstöðumaður Seljahlíðar, sími: 540 2400 netfang: margret.ardis.osvaldsdottir@reykjavik.is

Náðu meiri árangri
í samningaviðræðum

Námskeið í samningatækni

HAGVANGUR
hagvangur.is



Siðmennt

**AUKA AÐALFUNDUR
Siðmenntar**

Auka aðalfundur Siðmenntar verður haldinn **miðvikudagskvöldið 24. apríl kl 20:00**, að Vesturgötu 7, Reykjavík.
Félagar hvattir til að mæta og taka þátt í stjórnarkjöri.



**AÐALFUNDUR
LAUF
- félags flogaveikra**

Verður haldinn **mánudagskvöldið 29. apríl kl.19.30**
Í húsnæði félagsins að Hátúni 10.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf skv lögum félagsins.
Stjórn leggur fyrir fundinn tillögu til breytinga á lögum.

Stjórn hvetur félagsmenn til að fjölmenna.
Kaffiveitingar.

Stjórnin.



FÉLAG FASTEIGNASALA

Til félagsmanna í Félagi fasteignasala.

AÐALFUNDUR 2019

Aðalfundur Félags fasteignasala verður haldinn miðvikudaginn 8. maí kl. 16:30 síðdegis á Grand Hótel Reykjavík.

Á dagskrá aðalfundar FF verða eftirtalin mál:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
3. Kosning formanns.
4. Kosning tveggja meðstjórnenda.
5. Kosning tveggja varamanna.
6. Kjör skoðunarmanna reikninga.
7. Kjör laganefndar.
8. Önnur mál er upp kunna að vera borin.

Aðalfundur Fasteignaleitar ehf verður haldinn miðvikudaginn 8. maí kl. 18:00 á Grand Hótel.

DAGSKRÁ:

1. Ársskýrsla fasteignaleitar ehf.
2. Endurskoðaður reikningur fyrir liðið reikningsár.
3. Önnur mál.

Léttar veitingar í lok fundar.

Stjórnin

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík 10°C 3°C	Ísafjörður 4°C 4°C	Akureyri 12°C 1°C
Egilsstaðir 12°C 3°C	Kirkjubæjarkl 10°C 10°C	Hveravellir 2°C 2°C

Austan og suðaustan 5-13 í dag með vætu af og til, en þúrt á NA- og A-landi. Hiti 8 til 16 stig, hlýjast NA-lands.

Fimmtudagur

Reykjavík 14°C 6°C	Ísafjörður 10°C 5°C	Akureyri 13°C 3°C
Egilsstaðir 12°C 4°C	Kirkjubæjarkl 11°C 12°C	Hveravellir 4°C 5°C

Föstudagur

Reykjavík 11°C 4°C	Ísafjörður 5°C 1°C	Akureyri 5°C 0°C
Egilsstaðir 7°C 3°C	Kirkjubæjarkl 9°C 4°C	Hveravellir 7°C 1°C

LÉTT

9	3	7			1
	8	2	5		4
5		6	2	3	7
4	1			2	5
			3	7	6
3	9				2
		2	1	5	
8	4	9			
1		4	8	3	

MIDLUNGS

1	5			4		8
2	3	6	9		1	7
		4		3		
4	2				1	6
	9				5	
	6	7			8	
			2	4		3
3			5	6		7
9		3				

PUNG

		7				2
9	6	8				3
			5	7	9	1
		3	2			5
	1	6			5	7
			4			6
				9	8	6
			7		1	
4						1

Krossgáta

- LÁRÉTT**
- langa
 - samtök
 - íþróttafélag
 - stæða
 - tveir eins
 - rénun
 - rétt
 - stækkuðu
 - fráreйн
 - andinn

- LÓDRÉTT**
- ofnréttur
 - hleypa
 - sigtí
 - hlé
 - markvís
 - flossilki
 - listi
 - þakbrún
 - tveir

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. langa, 2. samtök, 3. íþróttafélag, 4. stæða, 5. tveir eins, 6. rétt, 7. stækkuðu, 8. fráreйн, 9. andinn, 10. aa, 11. lát, 12. sátt, 13. júka, 14. úts, 15. áreйн, 16. íl, 17. sátt, 18. listi, 19. hlé, 20. markvís, 21. flossilki, 22. ofnréttur, 23. hleypa, 24. sigtí, 25. þakbrún, 26. tveir.

Skák Gunnar Björnsson

Vogt átti leik gegn Giemsa í Porz árið 1990.

1. Hd7+! Rxd7 2. Bxg6+! Kxg6 3. Df7+ Kg5 4. Dg8+ 1-0. Ungmennaliðið vann 3-1 sigur á rússneska kvennalandsliðinu í gær. Liðið er í þriðja sæti fyrir lokaumferðina sem hófst núna í morgun kl. 6.30. Íslenska liðið mætir sveit Ísraela.

www.skak.is: HM öldunga-sveita


Hvítur á leik



6	1	8	3	2	4	9	5	7
9	4	7	1	5	6	2	3	8
2	3	5	7	8	9	1	4	6
4	2	3	5	9	8	6	7	1
7	5	9	6	1	3	8	2	4
8	6	1	4	7	2	3	9	5
5	7	2	8	3	1	4	6	9
3	8	6	9	4	7	5	1	2
1	9	4	2	6	5	7	8	3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SUNSTAR GUM
HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.®

Tannlæknar mæla með GUM tannvörum

Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?

Fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum

ARTASAN
www.artasan.is

HVÆÐ ER AÐ FRÉTTA?

Fréttablaðið.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni liðandi stundar.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

ENN HOLLARI OLÍA

Það byrjar allt með fjórum fræjum



**OMEGA 3 & 6
+ D- & E-VÍTAMÍN
NAUÐSYNLEGAR FYRIR LÍKAMANN**

ISIO 4 FÆRIR ÞÉR MIKILVÆG NÆRINGAREFNI





SUMARGLEÐIN HELDUR ÁFRAM!

**TIL ÞÍN
frá
OKKUR**



Sápukúlusverð
Verð: 379.-



Vatnsblöðrupumpa
Verð: 1.799.-



Götukrít Jumbo
(15 í pakka)
Verð: 499.-



Veiðistöng
og 5 fiskar
Verð: 899.-



Hvolpasveitarsápukútur
Verð: 899.-



Sippuband 210 cm
Verð: 599.-



Flugdrekki
Verð: 1.499.-



Boltaspaði
Verð: 599.-



Þeytibyssu
Verð: 999.-



Sápukúlubýssa
Verð: 899.-




Jójó
Verð: 499.-




Vatnsbyssur (2 í pakka)
Verð: 2.299.-



Bíóráðgátan
TILBOÐSVERÐ: 3.399.-
Verð áður: 4.299.-




Handbók fyrir ofurhetjur -
Vargarnir koma
VILDARVERÐ: 2.799.-
Verð: 3.399.-




Villinorn - Blóð Viridiönu
TILBOÐSVERÐ: 2.599.-
Verð áður: 3.199.-




Emmu finnst gaman
í leikskólanum
TILBOÐSVERÐ: 1.299.-
Verð áður: 1.499.-



Fyrstu 1.000 orðin
TILBOÐSVERÐ: 2.499.-
Verð áður: 2.999.-



Bók um tré
TILBOÐSVERÐ: 3.999.-
Verð áður: 4.999.-



Fíasól í finum málum
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.499.-



Tumi fer til læknis
TILBOÐSVERÐ: 1.299.-
Verð áður: 1.499.-




Hvolpasveitin litabók
TILBOÐSVERÐ: 1.299.-
Verð áður: 1.599.-



Píla fer á flug
TILBOÐSVERÐ: 2.499.-
Verð áður: 2.999.-



Harry Potter og viskusteinninn
TILBOÐSVERÐ: 3.699.-
Verð áður: 4.499.-



Barist í Barcelona
TILBOÐSVERÐ: 3.100.-
Verð áður: 3.899.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9
Flugstöð Leifs Eiríkssonar



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda á til og með 25. apríl eða meðan birgðir endast. Gildistími ávísunar er til og með 30. apríl. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Bók um að dreyma stóra drauma

Ný barnabók Gunnars Helgasonar heitir Barist í Barcelona. Hún varð til vegna hvatningar lesenda hans. Von á annarri bók á árinu með óvenjulegum persónum.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Barist í Barcelona er ný barnabók eftir Gunnar Helgason, sjálfstætt framhald af fótbolta-bókunum Víti í Vestmannaeyjum, Aukaspýrna á Akureyri. Rangstæður í Reykjavík og Gula spjaldid í Gautaborg. Þess má geta að fyrstu tvær bækurnar í bókaflökknum, Víti í Vestmannaeyjum og Aukaspýrna á Akureyri, hafa verið endurútgefnar í kilju.

Gunnar segir að Gula spjaldid í Gautaborg hafi átt að vera síðasta bókin í flokknum, en segja má að lesendur hans hafi komið í veg fyrir þá fyrirætlun. „Þegar bókin mín Siggí sitróna kom út fyrir síðustu jóla var ég á þeytingu á milli skóla til að lesa upp úr henni. Það er alveg ótrúlega gefandi og lærdómsríkt fyrir höfund að lesa textann sinn fyrir markhópinn og það hefur breytt því aðeins hvernig ég skrifa. Maður heyrir hvað virkar og hvað krökkunum finnst spennandi,“ segir Gunnar. „Í svo að segja öllum skólum komu stelpur og báðu um eina fótbolta-bók í viðbót og þá helst um Rósu. Ég sagði alltaf nei en svo lagði ein stelpa til að Rósa yrði í landsliðinu sem myndi keppa í Barcelona og þar sem ljóst væri, miðað við endinn á Gula spjaldinu í Gautaborg að Jón yrði þar líka gætu þau verið saman í bókinni. Það kveikti í mér að þannig gæti ég verið með tvo sögumenn en ekki bara einn. Ég fór heim sama dag og skrifaði niður hugmyndir að þessari bók. Svo fór ég til Barcelona og fékk mann frá fótboltafélaginu til að sýna mér alla staðhætti og skrifaði á frábæru kaffihúsi við hliðina á fótbolta-vellinum. Þetta er bók um það að dreyma stórt en týna ekki sjálfum sér í leiðinni.“

Grimmt samfélag

Líklegt er að Gunnar sendi frá sér aðra nýja bók þetta árið. „Áður en ég fékk hugmyndina að Barist í Barcelona var ég byrjaður á annarri bók sem er komin nokkuð vel á veg. Hún heitir Draumaþjófurinn og gerist í samfélagi sem er nokkuð grimmt. Þar eru strákur og stelpa sem mega ekki vera vinir en dragast hvort að öðru. Pabbi stelpunnar stjórnar samfélaginu og drepur strákinn.“

Bládamanni verður ekki um sel við þessa lýsingu og hefur orð á því að söguþráðurinn hljómi nokkuð svakalega. „Já, þessi pabbi er dálítið svakalegur og hann er með næst-ráðanda sem er Draumaþjófurinn sem sér til þess að fólk getur ekki látið drauma sína rætast,“ segir höfundurinn og bætir síðan við óvæntum upplýsingum: „Persónurnar eru ekki fólk, þær eru rottur og þar eru Halaldur og Eyrnastór fyrirferðarmikil. Þetta er bók sem er innblásin af Dýrunum í Hálsaskógi. Hvað ef Marteinn skógarmús væri stór og feit rotta og ekki góður? Þetta er að mörgu leyti pólitísk bók.“

Vor í barnabókaútgáfu

Gunnar á stóran lesendahóp og er stöðugt að hitta ánægða lesendur sína. Hann er spurður hvaða sköpun hann hafi á kenningum um að ungmenni séu mikið til hætta að lesa.



Stöðugt koma til mín krakkar sem segjast vera búnir að lesa allar bækurnar mínar, segir Gunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**ÞANNIG AÐ FULLYRÐ-
INGAR UM AÐ LESTUR
SÉ Á NIÐURLEIÐ RÍMAR EKKI
VIÐ MINN RAUNVERULEIKA,
EKKI NEMA ÖLL BÖRNIN SÉU AÐ
LJÚGA ÞEGAR ÉG SPYR HVORT
ÞAU HAFI LESIÐ BÓK EFTIR MIG.**

„Ég er ekki sammála þessu. Þegar ég mæti í skóla spyr ég hverjir hafi lesið bækur eftir mig. Það er alveg ótrúlega stórt hlutfall nemenda sem er búin að lesa eitthvað af þeim bókum og stöðugt koma til mín krakkar sem segjast vera búnir að lesa allar bækurnar mínar.“

Mér finnst ákveðið vor, jafnvel sumar, í útgáfu barnabóka á Íslandi. Ég reyni að lesa allt sem kemur út af íslenskum bókum og toppinn af þeim þýddu. Mér finnst þær margar alveg óskaplega góðar. Ég sé heldur

ekki betur en að krakkar séu að lesa. Þannig að fullyrðingar um að lestur sé á niðurleið rímar ekki við minn raunveruleika, ekki nema öll börnin séu að ljúga þegar ég spyr hvort þau hafi lesið bók eftir mig. Ég held samt ekki! Og talandi um vor og sumar. Nú eru sífellt fleiri bækur gefnar út að vori enda vantar alla góða bók í páska- og sumarfriinu eða bara sem sumargjöf. Það má eiginlega segja að ég sé að taka þátt í vorbókaflóði ... eða sumarbókaflóði eða hvað fólk vill kalla þetta.“



Dularfull atburðarás

BÆKUR

Stóri maðurinn

★★★★★

Höfundur: Phoebe Locke

Þýðandi: Árni Óskarsson

Útgefandi: Veröld

Bládsíður: 373

Söguþráðurinn í spennusögunni Stóra manninum er í stuttu máli á þá leið að árið 1990 eltast fjórar stúlkur við skugga í skóginum. Dularfull og hættuleg vera virðist ganga laus og er sögð taka litlar stelpur. Tíu árum síðar hverfur ein þessara stúlkna, Sadie, sporlaust frá manni og kornungri dóttur sem hún fullyrðir að bölvun hvíli á. Nokkrum árum seinna snýr Sadie síðan á ný til manns og dóttur. Árið 2018 er verið að gera heimildarmynd um dóttur hennar, Amber, sem var ákærð fyrir morð en sýknuð.

Frásögnin skiptist á milli þessara tímabila og í bakgrunni er stóri maðurinn, sem lesandinn er ekki viss um hvort er myndun þeirra sem þykjast sjá hann eða ill vera í sögu sem á að vera í stíl Stephens King. Þegar stóra manninum bregður fyrir þá fer enginn hröllur um lesandann eins og gerist svo oft í sögum Kings þegar hið illa lætur á sér kræla. Á stundum kann lesandannum jafnvel að þykja sem hann sé að lesa sögu sem höfundurinn hafi ekki fyllilega hugsað til enda – en sú er ekki raunin. Þræðir, sem virtust sundurlausir og stundum afar einkennilegir, tengjast undir lokin. Þannig á það einmitt að að vera í spennusögu.

Það er galli á bókinni hversu lítt eftirminnilegar og flatar persónur hennar eru. Annar stór galli er að frásögn sem greinilega á að vera hrollvekjandi verður það einfaldlega ekki. Lesandinn er þó ekki líklegur til að hætta lestrinum hafi hann á annað borð ánægju af lestri spennusagna því atburðarásin er forvitnileg og spurningar vakna eins og: Hvern drap Amber? Svárið við því virðist liggja nokkurn veginn í augum uppí um miðbik bókar en reynist samt ekki hið rétta. Undir lokin er boðið upp á mjög óvænta uppljóstrun og ein persóna sögunnar er á flotta undan morðingja. Þar fær lesandinn nokkuð fyrir sinn snúð sem breytir þó engu um það að Stóri maðurinn er ekki nema spennusaga í meðallagi.

Kolbrún Bergþórsdóttir

NIÐURSTAÐA: Efnid er forvitnilegt en sagan er ekki sérlega hrollvekjandi og spennan er ekki nægilega mikil fyrr en undir lokin.

 **Stilling**

Varahlutir í bílinn

Verksmiðjuábyrgð á þínum bíl er tryggð með vottuðum varahlutum frá Stillingu



Rafgeymar



Smursiur



Kerti, háspennukefli, kveikjuþráðasett, súrefnisskynjarar og loftflæðiskynjarar



Tímareimar og vatnsdælur



Kúplingar



Demparar, gormar og stýrisendar

Hemlahlutir



 **Stilling**
Allt fyrir bílinn

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

Slær allt út sem ég hef áður kynnst

Kammerkórinn Hljómeyki syngur stórvirkið Path of Miracles eftir breska tónskáldið Joby Talbot í tveimur dómkirkjum landsins – fyrst annað kvöld í Landakotskirkju.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Kórverkið Path of Miracles eftir Joby Talbot er tónlistarferðalag um Jakobsveginn, þekktustu leið pílgríma í Evrópu. Hildigunnur Rúnarsdóttir tónskáld er einn af söngfluglumum í Hljómeyki sem ætlar að flytja það í fyrsta sinn á Íslandi að kvöldi sumardagsins fyrsta í Landakotskirkju klukkan 21. Hún segir það vandamt í flutningi en samt ekki erfitt áheyrnar. „Þó verkið sé samið árið 2005 er það ekki eitthvert svakalegt nútímaverk sem enginn getur hlustað á. Það er alls ekki þannig,“ fullyrðir hún.

Sjálf telst Hildigunnur ábyrg fyrir því að Path of Miracles var tekið til æfinga. „Ég sá fyrst á þetta stykki minnst fyrir fáum árum á fésbók, þar var tónlistarfolk í klassískum hópi spurtt hvaða tónverk það mundi taka með sér á eyðieyju. Flestir sögðu Mozart Requiem eða h-moll messuna eftir Bach en einn svaraði Path of Miracles og þar með var forvitni mín vakin. Ég fann verkið sungið af kór sem flutti það undirleikslaut. Ég varð strax hrifin og er búin að mæla með því síðan. Nú erum við búin að safna nægum kjarki.“ Hljómeyki syngur oft undirleikslaut en Hildigunnur segir smá slagverk verða með nú sem Frank Aarnink sjái um. „Þetta er klukkutíma stykki en slær allt út sem ég hef



Path of Miracles er vandamt í flutningi en samt ekki erfitt áheyrnar, að sögn Hildigunnar Rúnarsdóttur.

ÉG FANN VERKIÐ SUNGIÐ AF KÓR SEM FLUTTI ÞAÐ UNDIRLEIKSLAUST. ÉG VARÐ STRAX HRIFIN OG ER BÚIN AÐ MÆLA MEÐ ÞVI SÍÐAN. NÚ ERUM VIÐ BÚIN AÐ SAFNA NÆGUM KJARKI.

áður kynnst. Það skiptist í 17 raddir mest sem þýðir að söngfólkið verður að standa klárt á sinu. En þetta er ofboðslega áhrifarík tónlist.“

Á þeirri klukkustund sem flutningur Path of Miracles tekur feta áheyrndur Jakobsveginn gegnum fjórar þekktustu vörður hans, borgirnar Roncesvalles, Burgos, León og Santiago de Compostela. Þeir heyra nokkur þeirra tungumála sem mæta pílgrímum nútímans og enn önnur sem urðu á vegi pílgríma fyrri alda. Margir Íslendingar hafa gengið þessa

leið. Hildigunnur kveðst ekki vera í þeim hópi. „Ég hugsa að ég fari hann nú aldrei allan, er ekki svo mikill göngugarpur, en það væri áhugavert að ganga hluta af honum og enda í Santiago. Ég er nú bara að fara til Spánar í fyrsta skipti á ævi minni núna eftir einn og hálfan mánuð. Það er kannski byrjunin.“

Hildigunnur segir Hljómeyki hafa æft í Kristskirkju á annan í páskum og lýkur lofsorði á hljómburðinn. „Svo verðum við í Skálholti á laugardaginn klukkan 16,“ tekur hún fram.

Ljósið frá símunum vakti hina dauðu

TÓNLIST

★★★★★

Mozart: Píano-konsert nr. 20 og Sálumessa. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands lék ásamt Söngsveitinni Filharmóníu og Kammerkór Norðurlands

Einleikari: Alexander Edelstein


Stjórnandi: Anna-María Helsing

Langholtskirkja

Föstudaginn langa

Það er umdeilanleg ákvörðun af Menningarfélagi Akureyrar að hafa tónleikaskrár Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands eingöngu á rafrænu formi. Ákvörðunin er sögð vera af umhverfisástæðum. Þetta má þó ekki vera á kostnað upplifunarinnar á tónleikum. Í Hofi á Akureyri eru nauðsynlegar upplýsingar á skjá fyrir ofan hljómsveitina, en ekkert slíkt var í boði þegar sveitin kom fram í Langholtskirkju á föstudaginn langa.

Tvö verk voru á dagskránni, bæði eftir Mozart. Hið fyrri var píano-konsert nr. 20 og einleikari var Alexander Edelstein. Hann spilaði vasklega og hristi alls konar tónahlaup fram úr erminni. Þetta vakti aðdáun konu fyrir framan undirritadan, og hún dró síma upp úr veskinu og byrjaði að lesa um einleikarann. Ljósið frá skjánum var afar truflandi og eyðilagði upplifunina af tónlistinni allt of lengi. Því miður var það ekkert einsdæmi, eins og sjá mátti af skjáum



Leikur Alexanders var glæsilegur, segir í dómnum. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

víðs vegar um kirkjuna á meðan Alexander lék.

Skortur á styrkleikajafnvægi

Einhverjir virðast hafa kvartað yfir þessu, því eftir hlé, rétt áður en hitt verkið var flutt, steig kona fram fyrir tónleikagesti og bað fólk vinsamlegast um að vera ekki í símunum á meðan á tónlistarflutningi stæði. Það væri svo truflandi!

Umrædd tónsmíð var sálumessan eftir Mozart, sem á sér langa og

merkilega sögu, og fengur hefði verið fyrir marga að glugga í tónleikaskrána á meðan tónlistin hljómaði. Fyrirkomulagið var því talsverður galli á tónleikunum.

Hljómsveitin má samt eiga það að hún spilaði þrýðilega. Að visu var upphafið að einum kaflanum í sálumessunni dálítið gruggugt hjá selló- og víóluleikurum, en í það heila var spilamennskan fagmannleg og tær undir liflegri stjórn Önnu-Mariu Helsing.

Söngsveitin Filharmónía og Kammerkór Norðurlands sungu einnig margt ágætlega, söngurinn var öruggur og hreinn. Því miður var hann líka fremur belginslegur á köflum; vissulega eru magnaðir hápunktar í kórköflunum en hljómsstyrkurinn má ekki skerða fegurðina. Viða var krafturinn svo mikill að kórsöngurinn drekkti hljómsveitarleiknum, nokkuð sem er óhugsandi. Mozart samdi tilfinningaþrungna tónlist, en hennar helsta einkenni er samt fágún og hana var ekki alltaf að finna í sálumessunni í þetta sinn.

Mistækur einsöngur

Fjórir einsöngvarar voru í miðlungsveigamiklu hlutverki, þau Helena Guðlaug Bjarnadóttir, Hanna Dóra Sturludóttir, Garðar Thór Cortes og Ágúst Ólafsson. Helena Guðlaug var ansi mjóróma og lítið heyrðist í Ágústi. Garðar Thór hefði hins vegar mátt dempa sig aðeins, þótt hann hafi sungið þrýðilega í sjálfu sér, en Hanna Dóra söng af öryggi. Heildarsvipurinn var ekki góður, styrkleikahlutföllin voru undarleg, raddirnar fjórar pössuðu illa saman og útkoman var hvorki fugl né fiskur.

Alexander, sem lék einleikinn í píano-konsertinum, spilaði vasklega eins og áður segir. Hann er kornungur og enn í námi, en frammistaða hans var samt aðdáunarverð, hún einkenndist af tilfinningadýpt og tæknilegu öryggi. Miðkaflinn var þó helst til hraður; hin himneska ró sem þar svifur yfir vötnum hefði mátt vera meira ríkjandi, auk þess sem síðasti kaflinn hefði þurft vera stöðugri í takti, sérstaklega í byrjuninni. En almennt talað var leikur Alexanders glæsilegur og gefur fyrirheit um bjarta framtíð. Spannandi verður að fylgjast með honum á tónleikapallinum, og þá án þess að símar séu að trufla. **Jónas Sen**

NIÐURSTADA: Sálumessu Mozarts skorti fágún, en einleikarinn í píano-konsert nr. 20 er efnilegur.

**Hvað?
Hvenær?
Hvar?**
Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

24. APRÍL 2019

Hvað? Erindi um Marc Chagall

Hvenær? 12.15

Hvar? Bókasafn Kópavogs
Jón Björnsson rithöfundur fjallar um ævi og myndlist Marc Chagall (1887-1985). Chagall var af gyðingaættum, fæddur í Hvíta-Rússlandi en starfaði lengst í Frakklandi og er talinn meðal helstu meistara 20. aldarinnar. Rætt verður um helstu stefin í myndum hans, hagi gyðinga í Austur-Evrópu og hlut þeirra í myndmálinu. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Hvað? Aðalfundur vínafélags Árnastofnunar

Hvenær? 17.00-18.30

Hvar? Safnaðarheimili Nes Kirkju við Hagatorg

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum mun Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor emeritus við Háskóla Íslands, segja frá hvernig verkáætlun í máltækni 2018-2022 miðar. Anna Björk Nikulásdóttir frá Háskólanum í Reykjavík fjallar um gervigreind og máltækni. Vínafélagið veitir í fyrsta sinn tvær viðurkenningar til framhaldsnema í íslensku sem náð hafa eftirtæktarverðum árangri í námi. Allir velkomnir. Hægt er að skrá sig í félagið á vefsíðunni www.vinirarnastofnunar.is



Sigríður Hagalín er meðal upplelara í Iðnó í kvöld. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

Hvað? Setning Bókmenntahátíðar í Reykjavík

Hvenær? 17.00-18.00

Hvar? Ráðhús Reykjavíkur

Hvað? Upplestrar – Bókmenntahátíð Reykjavíkur

Hvenær? 19.00-20.30

Hvar? Iðnó

Roy Jacobsen, Tom Malmquist, Merete Pryds Helle, Ragnar Helgi Ólafsson, Sigríður Hagalín Björnsdóttir og Yoko Tawada lesa.

Hvað? Kvöldstund með John Freeman – Bókmenntahátíð í Reykjavík

Hvenær? 21.00-22.30

Hvar? Iðnó

Dóri DNA, Hakan Günday, Jónas Reynir, Golnaz Hashemzadeh Bonde, Samanta Schwebelin og Þóra Hjörleifsdóttir koma fram.

GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

Yuli-Carlos Acosta Story (ENG SUB) 17:45	Að sjá hið ósýnilega UPPSELTI! 20:00
Girl (ICE SUB) 17:45	Yuli-Carlos Acosta Story (ICE SUB) 22:00
Að sjá hið ósýnilega 18:00	Birds of Passage (ICE SUB) 22:00
Everybody Knows (ICE SUB) 20:00	Girl (ENG SUB) 22:30
Free Solo (ENGLISH - NO SUB) 20:00	

NIÐURSTADA: Sálumessu Mozarts skorti fágún, en einleikarinn í píano-konsert nr. 20 er efnilegur.

SPENNANDI VIÐBURÐIR Í BÆJARBÍÓI



27. APRÍL **HUNDUR Í ÓSKILUM** Í FYRSTA SKIPTI Í BÆJARBÍÓI



UPPSELT 3. MAÍ

3. MAÍ **DIMMA** AUKATÓNLEIKAR 2. MAÍ



KJAFTATÓNLEIKAR Í BÆJARBÍÓI

10. MAÍ **BAGGALÚTUR** - LEYSIR FRÁ SKJÓÐUNNI



23. JÚNÍ **HJÁLMAR**

TÓNLISTAR- OG BÆJARHÁTÍÐIN

8. - 14. JÚLÍ



<p>DIMMA 9. JÚLÍ</p>	<p>FRIKKI DÓR + HLJÓMSVEIT 10. JÚLÍ</p>	<p>BJÖRGVIN HALLDÓRSSON + HLJÓMSVEIT 11. JÚLÍ</p>	<p>JÓNAS SIG OG MILDA HJARTAÐ 12. JÚLÍ</p>	<p>Á MÓTI SÓL 13. JÚLÍ</p>	<p>VÖK 14. JÚLÍ</p>
---------------------------------	--	--	---	---------------------------------------	--------------------------------

SALA Á HJARTA HAFNARFJARÐAR Í BÆJARBÍÓI HEFST FIMMTUDAGINN 9. MAÍ
SALA BJÓRKORTA HEFST Á SAMA TÍMA



GLAMOUR

Komið í allar helstu verslanir



Íslenskt
tískutímarit

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

RÚV SJÓNVARP

13.00 Kastljós
13.15 Menningin
13.25 Útsvar 2013-2014 Akranes-Grindavíkurbær
14.35 Máttur fegurðarinnar
15.05 Á tali hjá Hemma Gunn 1987-1988 Skemmtipáttur þar sem Hemmi Gunn tekur á móti góðum gestum í sjónvarpssal. Slegið er á létta strengi, stiginn dans og sungið. Hljómsveit Magnúsar Kjartanssonar leikur af fingrum fram. Stjórn útsendingar: Björn Emilsson. e.
16.10 Alla leið
17.15 Skólahreysti Í Skólahreysti keppa nemendur í grunnskólum landsins sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol keppenda. e.
17.45 Táknálsfréttir
17.55 Disneystundin
17.56 Nýi skólinn keisarans
18.17 Sigildar teiknimyndir
18.24 Dóta lækni
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin Menningar-þáttur þar sem fjallað er á snarpan og lífligan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífni, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.
20.00 Skólahreysti
20.30 Kiljan
21.10 Undirföt og unaðsvörur Leikin bresk þáttaröð um líf fjögurra húsmæðra á níunda áratugnum. Það tekur stakkaskiptum þegar þær hefja heimasölu á undirfatnaði og hjálpartækjum ástarlífsins. Aðalhlutverk: Sophie Rundle, Angela Griffin, Sharon Rooney og Penelope Wilton. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Bobby Sands. 66 dagar Heimildarmynd um írsku lýðveldissinnann Bobby Sands sem lést í fangelsi árið 1981 eftir 66 daga hungurverkfall. Frásögnin byggir að mestu á fangelsisdagbókum Bobbys, en hungurverkfall hans vakti heimsathygli og olli straumhvörfum í sambandi Bretlands og Írlands. Leikstjóri: Brendan Byrne. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
00.05 Kveikur Vikulegur fréttaskýringarþáttur sem tekur á málum bæði innan lands og utan. Þátturinn er í anda klassískra fréttaskýringarþátta með áherslu á rannsóknarblaðamennsku. Ritstjóri er Þóra Arnórsdóttir en ritstjórnina skipa Ingólfur Bjarni Sigfússon, Sigríður Halldórsdóttir og Lára Ómarsdóttir. Dagskrárgerð: Arnar Þórisson, Stefán Dreggsson og Ingvar Haukur Guðmundsson. Vefritstjórn: Aðalsteinn Kjartansson. e.
00.30 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

08.00 Lotte Championship
12.00 Golfing World
12.50 Lotte Championship
16.50 PGA Highlights
17.45 Golfing World
18.35 Champions Tour Highlights
19.30 RBC Heritage

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó FM 90,9 Gullbylgjan
FM 89,5 Retro FM 93,5 Rás 1
FM 90,1 Rás 2 FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 The Tonight Show
09.30 The Late Late Show
10.15 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 Dr. Phil
13.45 The Kids Are Alright
14.10 Kokkaflakk
14.50 Með Loga
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 Life in Pieces
20.10 Survivor
21.00 New Amsterdam
21.50 Station 19
22.35 Taken
23.20 The Tonight Show
00.05 The Late Late Show
00.50 NCIS
01.35 NCIS. New Orleans
02.20 9-1-1
03.05 The Resident
03.50 How to Get Away with Murder

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér Hafsteinn Hafliðason
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregni
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregni
12.50 Dánarfregni
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Tónlist frá A til Ö
15.00 Fréttir
15.03 Samtal um réttindi barna
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Útlit Krakka RÚV
18.50 Veðurfregni
18.53 Dánarfregni
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsgagan. Mánasteinn - drengurinn sem var ekki til. Lestur hefst
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregni
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

09.50 Twister
11.40 Where to Invade Next
13.40 I Am Sam
15.50 Twister
17.45 Where to Invade Next
19.50 I Am Sam
22.00 The Last Witch Hunter
23.50 Life of Crime
01.30 Arrival
03.25 The Last Witch Hunter

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.25 Friends
07.50 Gilmore Girls
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Newsroom
10.30 Baby Daddy
10.50 Jamie's 15 Minute Meals
11.15 Enlightened
11.45 Bomban
12.35 Nágrannar
13.00 Masterchef USA
13.40 Margra barna mæður
14.05 Allir geta dansað
15.50 World of Dance
16.30 Kevin Can Wait
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkin
19.20 Veður
19.25 Vikingalottó
19.30 Mom
20.20 Grey's Anatomy
21.00 Cheat
21.50 Veep
22.20 Arrested Development
22.50 Lovleg
23.10 You're the Worst
23.35 NCIS
00.15 Whiskey Cavalier
01.00 Barry
01.30 I Am Evidence
02.55 Timeless
03.40 Timeless
04.25 Timeless

STÖÐ 3

19.10 Last Man on Earth
19.35 The Simpsons
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Two and a Half Men
21.15 Gotham
22.45 Krypton
23.30 The Mindy Project
23.55 Supergirl
00.40 Last Man on Earth
01.05 The Simpsons
01.30 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

08.50 Domino's-deild kvenna
10.30 Domino's Körfuboltakvöld kvenna
11.20 Domino's-deild karla
13.00 Domino's körfuboltakvöld karla
13.50 Alaves - Barcelona
15.30 Watford - Southampton
17.10 Tottenham - Brighton
18.50 Manchester United - Manchester City Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
21.00 Wolves - Arsenal
22.40 Open Court 405. New York Basketball
23.30 Domino's-deild kvenna

STÖÐ 2 SPORT 2

07.50 Tottenham - Brighton
09.30 Úrvalsdeildin í pílukasti
12.30 ÍBV - FH
14.00 Valur - Fram. Leikur 1
15.25 Seinni bylgjan - Olís-deild kvenna
16.15 Domino's-deild karla
17.55 Domino's körfuboltakvöld karla
18.45 Olís-deild karla Bein útsending frá leik 3 í 8 liða úrslitum Olís-deildar karla.
21.15 Seinni bylgjan
22.15 Atletico Madrid - Valencia
23.55 Manchester United - Manchester City

FM 96,3 FM Suðurland FM 98,9 Bylgjan FM 102,9 Lindin
FM 96,7 Létt Bylgjan FM 99,4 Útlit Saga
FM 97,7 X-ið FM 100,5 K100



Til leigu

Atvinnuhúsnæði fyrir umfangsmikla starfsemi.

Reitir bjóða til leigu 2.819 m² atvinnuhúsnæði við Klettagarða 6. Aðkoma við húsið er eins og best verður á kosið, bæði fyrir gesti og atvinnutæki. Um er að ræða rúmgóðan og háan sal með þremur innkeyrsluhurðum og minni sal með innkeyrsluhurð. Skrifstofurýmið var endurnýjað fyrir örfáum árum og starfsmannaaðstaða er mjög góð. Húsnæðið er laust til afhendingar.

Nánari upplýsingar veitir Halldór Jenson sölustjóri í 840 2100 eða halldor@reitir.is.

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 140 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land.

Kringlan 4-12

103 Reykjavík

www.reitir.is

575 9000


REITIR

Velkomin til starfa



ÉG MUN EFLAUST TAKA DAGINN SNEMMA EN ÉG REYNI ALLTAF AÐ NÝTA SJALDGÆFA SÓLAR-DAGA EINS VEL OG ÉG GET. STEFNAN ER TEKIN Á AÐ FARA Í BÚSTAÐ Á ÞINGVÖLLUM EN FYRST VERÐUM VIÐ AÐ SJÁ HVORT VEÐURSPÁIN HALDI.

Anna Fríða Gísladóttir, markaðsstjóri Domino's



EINS OG BARN TRÚIR Á JÓLASVEININN MEÐ VON OG EFA Í SENN ÞÁ TRÚI ÉG AÐ SÓLIN MUNI SÝNA SIG SUMARDAGINN FYRSTA. ÉG ÆTLA AÐ SKELLA MÉR Í SUND OG SLEIKJA SÓLINA ÞAR SEM MEIRIHLUTI ÞJÓÐARINNAR VERÐUR LÍKLEGA STADDUR. ÉG Á EFLAUST EFTIR AÐ HITTA GÓÐA VINI Í LAUGINNI OG HVER VEIT NEMA VIÐ TYLLUM OKKUR EFTIR SUNDIÐ Á NOTALEGAN STAÐ SEM BYÐUR UPP Á AÐ SITJA ÚTI.

Alexander Sigurður Sigfússon
fórðunarfræðingur



PLANIÐ ER AÐ VIÐRA BUMBUNA SEM MEST ÞAR SEM ÉG ER ÓLÉTT. ÉG ÆTLA AÐ GANGA Á HELGAFELL Í GÓÐRA VINA HÓPI. EFTIR ÞAÐ ER MÖST AÐ KÍKJA Í KÓPAVOGS-LAUG OG SVO BEINUSTU LEIÐ Í BRŌNS Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR MEÐ UNNUSTANUM. ÞAÐAN ER STEFNAN TEKIN Á BORGARLEIK-HÚSIÐ ÞAR SEM DÓTTIR OKKAR ER MEÐ BALLETTSYNINGU. HELD ÞAÐ VÆRI SVO TILVALIÐ AÐ BJÓÐA EINHVERJUM Í GRILL OG VIÐRA SVALIRNAR Í NÝJU ÍBÚÐINI Í FYRSTA SINN ÞETTA SUMARIÐ.

Ósk Gunnarsdóttir,
þjónustustjóri Regus
og útvarpskona




Sund og sól á sumardaginn fyrsta

Sumardagurinn fyrsti er næsta fimmtudag og er spáð sól um allt land og gæti hitinn á höfuðborgarsvæðinu náð allt að 14 stigum samkvæmt veðurspám. Oft hefur veðrið leikið landann grátt og þátttakendur í skruðgöngum í tilefni dagsins þurft að vaða snjó og polla. Fréttablaðinu þótti kjörið að hafa samband við nokkra skemmtilega einstaklinga og spyrja hvernig þau hygðust nýta þennan sannkallaða fyrsta sumardag.



DAGURINN Á KLÁR-LEGA EFTIR AÐ BYRJA Á GÓÐRI MORGUNÆFINGU OG SUNDFERÐ MEÐ STRÁKNUM MÍNUM. ÉG Á EFLAUST EFTIR EYÐA DEGINUM Í SMÁ STÚSS OG UNDIRBÚNING FYRIR MATAR-BOD KVÖLDSINS OG ÞAÐ ER ALDREI AÐ VITA NEMA ÉG PRÓFI AÐ BAKA EINA NÝJA UPPSKRIFT SEM ÉG ER BÚIN AÐ VERA SPENNT FYRIR AÐ PRÓFA. ANNARS VERÐUR SUMAR-KVÖLDINU FAGNAÐ MEÐ GÓÐUM VINUM OG DUMPLINGS.

Helga Gabriela Sigurðardóttir,
kokkanemi og samfélagsmiðla-
stjarna



PLANIÐ ER AÐ HAFA ÞAÐ OFBODSLEGA HUGGULEGT Í FAÐMI FJÖL-SKYLDUNNAR, FARA JAFNVEL Í GÓÐAN GÖNGUTÚR UM GRÓTTU EÐA ÆGISÍÐU. KVÖLDINU VERÐUR SÍÐAN VARIÐ Í EGILS-HÖLL ÞAR SEM ÉG ÆTLA AÐ SJÁ NÝJU AVENGERS-MYNDINA. GÓÐUR DAGUR Í VÆNDUM.

Arnmundur Ernst
Backman Björnsson
leikari.




ÉG ÆTLA AÐ NJÓTA DAGSINS Í KAUP-MANNAHÖFN MEÐ MÖMMU MINNI. VIÐ ERUM AÐ FARA Í STUTTA MÆDGNAFERÐ OG VONANDI FÁUM VIÐ SÓL OG BLÍÐU EINS OG FÓLKID FÆR HEIMA Á ÍSLANDI. PLANIÐ MITT ER AÐ REYNA AÐ SLAKA Á, HUGSA SEM MINNST UM VINNUNA, BORÐA GÓÐAN MAT, RÖLTA Í FALLEGAR BÚÐIR, MÖGULEGA FÁ MÉR EITT RÓSAVÍNSGLAS OG NJÓTA LÍFSINS.

Harpa Káradóttir
fórðunarfræðingur

ÞAKKARSKULD EFTIR GOLNAZ HASHEMZADEH BONDE

MIKIL ÞAKKARSKULD!



Þakkarskuld er áhrifamikil skáldsaga sem nötrar af sorg og lífsgleði – og er eins og blaut tuska framan í lesandann!

„Skáldsaga af því tagi sem mikilvægt er að lesa áður en það verður of seint.“ Dagens Nyheter

„Engin grátklökk huggunarorð heldur þvert á móti ... Beinskeyttur og áhrifamikill texti sem tekst á við sorgir og vonir.“ Economist

„Stutt saga en stórmekileg.“ Stylist

★★★★★ Goodreads.com

Íslensk þýðing: Páll Valsson

KEMUR FRAM Á
BÓKMENNTA-
HÁTÍÐINNI
Í IÐNÓ Í KVÖLD!



Sigurvegari og hluti keppenda síðasta árs með farandbikarinn sem gerður var af Irmu. Allir geta sótt um að taka þátt en auðvitað þarf einstaklingurinn að vera hraustur. MYND/MARÍA GUÐRÚN

Koddaslagur við Reykjavíkurhöfn

Helga Lilja Magnúsdóttir fatahönnuður hefur undanfarin ár staðið fyrir koddaslag við Reykjavíkurhöfn á sjómannadaginn, fyrsta sunnudag í júní. Hér á árum áður var svipuð keppni haldin við höfnina þar sem sjómenn kepptust um að sýna hreysti sína. Keppnin hafði legið niðri í tæpa tvo áratugi og fannst Helgu Lilju kjörið að endurvekja þessa hefð.

Fyrsta keppnin í nýrri mynd var haldin árið 2017 þar sem sex þrekmenni börðust á plankanum við Vesturbugt," útskýrir Helga.

Nú í ár ákvað Helga að opna fyrir umsóknir frá almenningi í fyrsta sinn en hún stofnaði fatamerkið Bið að heilsa niðri Slipp ásamt tónlistarmanninum Stephan Stephansen árið 2013. Sjálf hafði hún áður hannað undir merkinu Helicopter.

„Mér var boðið að halda sam-sýningu árið 2013 á HönnunarMars þar sem yfirskrifin var samvinna



Helgu Lilju fannst kjörið að endurvekja þessa hefð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

hönnuðar og tónlistarmanns. Við vorum þar á þessum tíma svo það lá beinast við að við ynnum eitthvað saman. Okkur langaði að fara óhefðbundnar leiðir og stofnuðum fatamerki sem fékk nafnið Bið að heilsa niðri Slipp. Nafnið kemur úr lagi eftir Stephan og um leið og nafnið var komið fannst okkur gefa augaleið að einbeita okkur að útvarfatnaði.“ segir Helga um tilkomu samstarfsins en nafn fatamerkisins er oftast en ekki stýtt í BAHNS.

Þau ákváðu í sameiningu að finna frumlega leið til að kynna merkið.

„Okkur Stephan langaði að gera eitthvað skemmtilegt og öðruvísi til að vekja athygi á merkinu okkar. Fatamerkið samanstendur mest af merino-ullarfatnaði og sundbolum svo þetta átti vel við. Þetta er í raun nokkurs konar tiskusýning, bara í öðru og skemmtilegra formi,“ segir Helga.

Þá klæðast keppendur sundfatnaði frá merki þeirra Helgu og Stephans þegar barist e.

„Fyrsta árið voru bara karlmenn og í fyrra var komið að konunum. Þar bar bardagakonan Dóra Har-

ÞETTA ER BILAÐ GAMAN, MAÐUR FÆR ALGJÖRT ADRENALÍNKAST, SVO ÉG MÆLI HIKLAUST MEÐ AÐ TAKA ÞÁTT

aldsdóttir sigur úr bytum. Núna tókum við þá ákvörðun að leyfa hverjum sem hefur áhuga að sækja um en auðvitað þarf einstaklingurinn að vera hraustur enda getur þetta reynt á.“

Svipaði slagir eru enn við lýði í nokkrum bæjarfélögum og bætir Helga við að sambærileg átök fari fram niðri við höfn á sjómannadaginn í Grindavík svo dæmi sé tekið.

„Þetta er bilað gaman, maður fær algjört adrenalínkast, svo ég mæli hiklaust með að taka þátt,“ segir Helga að lokum og skorar á sem flesta að gera sér ferð niður að höfn á sjómannadaginn til að taka þátt eða fylgjast með koddaslagnum.

Opið er fyrir umsóknir út apríl á heimasíðu merkisins, bahns.org. steingerdur@frettabladid.is



Helga Lilja segir að keppendur þurfi að vera hraustir. MYND/MARÍA GUÐRÚN

ESTÉE LAUDER

ESTÉE LAUDER DAGAR
24. APRÍL - 1. MAÍ

20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM ESTÉE LAUDER VÖRUM OG GLÆSILEGUR
KAUPAUKI FYLGIR EF KEYPTAR ERU ESTÉE LAUDER
VÖRUR FYRIR 8.900 KR EÐA MEIRA*.



*á meðan birgðir endast.

Estée Lauder fæst í Hagkaup Kringlu, Smáralind, Garðabæ og Akureyri.



IMATCH GREININGARTÆKIÐ VERÐUR HJÁ OKKUR Í KRINGLU
OG SKEIFU FÖSTUDAG OG LAUGARDAG.
TÆKIÐ GREINIR HÚÐINA ÞÍNA OG HJÁLPAR ÞÉR AÐ FINNA
HINN FULLKOMNA FARÐA!

HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*



ÁTTU VON Á GESTUM?

LOLLY

Sérlega vandaður ítalskur svefnsofi.

Grátt slitsterkt áklæði.

Sófinn er með 18 cm þykkri hágæðadýnu.

Stærð: 207 x 93 x 100 cm.

Svefnsvæði: 140 x 195 cm.

Fullt verð: 269.900

Kynningartilboð 215.920 kr.



20%
AFSLÁTTUR

KYNNINGARTILBOÐ!



FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

**Betra
BAK**



Leikendur upprunalegu sex ofurhetjanna í Avengers-seríunni ásam Kevin Feige.

Biðin loks á enda

Mikil spenna ríkir yfir frumsýningu Marvel-myndarinnar Avengers: Endgame en hún verður frumsýnd hérlandis í dag. Myndin er þriðja og síðasta myndin í Infinity-þrileiknum. Uppselt er á margar sýningar á næstu dögum svo það er um að gera fyrir aðdáendur að festa kaup á miðum sem fyrst. Heimsfrumsýningin var núna síðasta mánudag og mættu stjórnur myndarinnar að sjálfsögðu á rauða dregilinn.



Leikarinn Vin Diesel bar af í jakka sem var óður til karaktarsins Groot, sem hann ljær rödd sína í myndinni.



Leikkonan Brie Larson skartaði hringum í stíl við hanska hins illa Thanosar en þeir eru kenndir við óendanleikann.



Robert Downey Jr. hefur leikið milljarðamæringinn Robert Stark eða Iron Man núna í 11 ár. Talið er líklegt að hér með kveðji Robert hlutverkið og haldi á ný mið.



Scarlett Johansson, sem fer með hlutverk Svörtu ekkjunnar í myndinni, var glæsileg að vanda og mætti með kærasta sínum, grínistanum Colin Jost.



Forstjóri Marvel-myndversins, Kevin Feige, fékk dynjandi lófatak enda þykir hann eiga heiðurinn að velgengni Avengers-myndanna.

SÍMAR AUGLÝSINGAÐELDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir johannahelga@frettabladid.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 550 5050: Gústaf Bjarnason gustaf@frettabladid.is, Hjördís Zoëga Hjördís hjordis@frettabladid.is, Sígfrús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Svava Ó'Brien svava@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFTIR:** Benedikt Boas Hinriksson benediktboas@frettabladid.is **RADAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vidar@frettabladid.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is

LÍFIÐ ER Á FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.

 Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



Öruggari á Michelin dekkjum

Pantaðu tíma fyrir dekkjaskiptin
á www.n1.is



Michelin CrossClimate+

- Sumardekk fyrir norðlægar slóðir
- Öryggi frá fyrsta til síðasta kílómetra
- Halda eiginleikum sínum vel út líftímann
- Gott grip við flest allar aðstæður
- Endingarbestu sumardekkinn á markaðnum



Michelin Primacy 4

- Öryggi frá fyrsta til síðasta kílómetra
- Frábært grip og góð vatnslosun
- Einstakir aksturseiginleikar



Michelin Pilot Sport 4

- Sumardekk fyrir þá kröfuhörðustu
- Gefa óviðjafnanlega aksturseiginleika
- Frábært grip og góð vatnslosun
- Endingarbestu dekkinn á markaðnum í sínum flokki

Notaðu
N1 kortið

Hjólbarðapjónusta N1

Bíldshöfða	440-1318	Langatanga Mosfellsbæ	440-1378
Fellsmúla	440-1322	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440-1374
Réttarhálsi	440-1326	Grænásbraut Reykjanesbæ	440-1372
Ægisíðu	440-1320	Dalbraut Akranesi	440-1394
		Réttarhvammi Akureyri	440-1433

Alltaf til staðar

N1



BAKÞANKAR

Davíðs
Þorlákssonar



Slá fyrst, tyrfa svo

Til þess að halda óbreyttum lífsgæðum þurfum við Íslendingar að auka útflutningsverðmæti okkar um einn milljarð á viku næstu tuttugu árin. Það er ljóst að stærstu útflutningsgreinar okkar, ferðaþjónusta, sjávarútvegur og stóriðja, búa allar við náttúrulegar takmarkanir hvað varðar vöxt. Við höfum bara ákveðið bolmagn til að taka við fleiri ferðamönnum, það eru bara ákveðið margir fiskar í sjónum og ákveðið mikil orka sem eftir er að virkja. Það eru vissulega tækifæri til vaxtar og aukinnar hagkvæmni í öllum þessum greinum en sá vöxtur verður líklega aldrei jafn ævintýrlegur og hann hefur t.d. verið í ferðaþjónustu síðustu ár.

Það blasir því við að við þurfum að fjölga undirstöðunum undir útflutningi okkar með nýsköpun. Meðal þeirra atvinnugreina sem lofa hvað bestu er laxeldi í sjó. Aðstæður hér virðast góðar, þetta hefur gengið vel í nágrannalöndum og spáð er miklum vexti í þessari grein í framtíðinni. Þessa grein þarf þó auðvitað að byggja upp í góðri sátt við náttúruna. Greininni fylgir fjöldi vel launaðra starfa í byggðarlögum fjarri Reykjavík þar sem skortur er á slíku.

Sjökviaeldi er að slíta barnskónum og er nú í uppbyggingarfasa sem mun þarfnast mikillar fjárfestingar næstu árin. Það er því enn ekki farið að skila hagnaði en hefur mikla möguleika til þess. Það skýtur því ansi skökku við að ríkisstjórnin leggi nú til að sérstök gjaldtaka af því verði hækkuð. Það er svölitið eins og að ætla að slá blettinn fyrst og tyrfa hann svo.

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

PANINI
OG GOS*
COMBO VERÐ:
499 KR



*0.5 l gos í plasti frá Ölgærðinni.
Tilbúin vara, ekki hægt að breyta.

Kvikk
ON THE GO



Ljósmyndun verður aldrei söm

Huawei hefur skrifað nýjan kafla í sögu ljósmyndunar. Huawei P30 Pro er búinn nýrri, ljósnæmari myndflögu og ljónsprækum örgjörva. Fjórar Leica-linsur – óteljandi möguleikar.

Þú færð Huawei P30 Pro hjá Símanum.

Huawei GT
fylgir með
til 30. apríl



HUAWEI P30 Pro

CO-ENGINEERED WITH

